



**Ársskýrsla**  
Gildis  
lífeyrissjóðs  
**2015**

---

Ljósmyndir af stjórn,  
stjórnarformanni og  
starfsfólki

Jóhannes Long

---

Fjölbreyttar mannlífsmyndir  
af Íslendingum að störfum

Baldur Kristjánsson

---

Hönnun og umbrot

Brandenburg / SÍA

---

Prentun

Svansprent

## Efnisyfirlit

<b>Ávarp stjórnarformanns</b>	<b>4</b>
<b>Stjórn</b>	<b>6</b>
<b>Starfsmenn</b>	<b>7</b>
<b>Endurskoðunarnefnd</b>	<b>8</b>
<b>Lykiltölur í starfsemi sjóðsins 2015</b>	<b>9</b>
<b>Verðbréfamarkaðir</b>	<b>11</b>
Innlendur verðbréfamarkaður	11
Erlendir verðbréfamarkaðir og gengi gjaldmiðla	14
<b>Samtryggingardeild</b>	<b>17</b>
Sjóðfélagar	17
Iðgjöld	18
Lífeyrir	18
Lán til sjóðfélaga	20
Ávöxtun samtryggingardeildar	20
Fjárfestingar samtryggingardeildar	22
Verðbréfaeign	23
Innlent hlutabréfasafn samtryggingardeildar	24
Innlent skuldabréfasafn samtryggingardeildar	25
Erlent verðbréfasafn samtryggingardeildar	27
Fjárfestingarstefna	29
Tryggingafræðileg staða	29
<b>Séreignardeild</b>	<b>33</b>
Rétthafar / lífeyrir í séreignardeild	33
Ávöxtun séreignardeildar	33
Verðbréfaeign séreignardeildar	34
Framtíðarsýn 1	35
Framtíðarsýn 2	37
Framtíðarsýn 3	39
Framtíðarsýn 4 – Séreignarleið Lífeyrissjóðs Vestfirðinga	40
<b>Stjórnarháttayfirlýsing</b>	<b>43</b>
Grundvöllur sjóðsins og hlutverk	43
Ársfundur og fulltrúaráð	43
Stjórn	44
Endurskoðunarnefnd	44
Framkvæmdastjóri	45
Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýringar	45
<b>Hluthafastefna</b>	<b>47</b>
<b>Samskipta- og siðareglur</b>	<b>48</b>
<b>Áhættustefna</b>	<b>50</b>
<b>Sjóðfélagafundur/aukaársfundur</b>	<b>50</b>
<b>Heimasíða</b>	<b>51</b>
Sjóðfélagavefur	51
Lífeyrisgátt	51
Launagreiðendavefur	51
<b>VIRK Starfsendurhæfingarsjóður</b>	<b>52</b>
<b>Samruni Gildis og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga</b>	<b>53</b>
<b>Ársreikningur</b>	<b>54</b>
<b>Selected Financial Information</b>	<b>93</b>

# Ávarp stjórnarformanns

Árið 2015 var ánægjulegt fyrir margra hluta sakir í rekstri sjóðsins. Nafn-ávöxtun samtryggingardeildar nam 10,1% og hrein raunávöxtun ársins 7,7%. Þetta er sjötta árið í röð sem sjóðurinn skilar jákvæðri raunávöxtun. Hrein eign sjóðsins jókst um 83,7 ma.kr. á árinu og námu heildareignir samtryggingardeildar til greiðslu í lok árs 451 ma.kr.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði nokkuð á milli ára og var jákvæð um 1,4% í lok árs. Það er í fyrsta sinn frá árinu 2008 sem tryggingafræðileg staða sjóðsins er jákvæð.

Lífeyrissjóður Vestfirðinga sameinaðist sjóðnum í byrjun árs 2015. Sameiningin hefur gengið vel fyrir sig og er það trú mín að hún verði til hagsbóta fyrir sjóðfélaga. Ljóst er að rekstur smærri lífeyrissjóða er hlutfallslega nokkuð dýrari en stærri sjóða á borð við Gildi og munu fyrrum sjóðfélagar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga njóta nokkurs hagræðis af sameiningunni. Sameinaður sjóður stendur sterkari á eftir.

Sjóðurinn greiddi á árinu 13,4 ma.kr. í lífeyri til 21 þúsund sjóðfélaga og tók á móti iðgjöldum að fjárhæð 17,7 ma.kr. frá um fimm þúsund launagreiðendum og rúmlega 46 þúsund sjóðfélögum.

Örorkulífeyrisgreiðslur eru sem fyrr mjög hátt hlutfall lífeyrisgreiðslna sjóðsins. Til að jafna stöðu lífeyrissjóða vegna mismunandi örorkubyrði hafa sjóðirnir fengið úthlutað framlagi sem greiðist af tryggingagjaldi. Í lok árs 2014 voru á Alþingi samþykkt lög um afnám þessa framlags í áföngum. Gildi hefur nýtt þetta framlag til að hækka réttindi lífeyrisþega og greiðandi sjóðfélaga. Af þeim sökum varð stjórn sjóðsins að leggja fyrir ársfund tillögu um breytingu á samþykktum sem nam fyrirhuguðum skerðingum ársins. Í tengslum við gerð kjarasamninga í maí samþykktu stjórnvöld hins vegar að falla frá þessum skerðingum. Var því boðað til aukaársfundar í nóvember 2015 þar sem áður samþykkt skerðing var numin úr gildi. Eftir sem áður er það skoðun stjórnar Gildis að núverandi skipting örorkuframlags sé ekki í takt við örorkubyrði einstakra lífeyrissjóða og nauðsynlegt sé að endurskoða þá skiptingu.

Helstu fjárfestingar sjóðsins á árinu 2015 voru í innlendum hlutabréfum og sértryggðum skuldabréfum banka. Samanlagt námu fjárfestingar í verðbréfum og lánveitingar sjóðsins um 60,3 mö.kr. á árinu 2015. Á sama tíma seldi sjóðurinn verðbréf fyrir um 30,8 ma.kr. auk þess að fá um 17,4 ma.kr. til ráðstöfunar vegna afborgana af verðbréfum. Vægi innlendra hlutabréfa jókst mikið í eignasafni sjóðsins vegna góðrar ávöxtunar á árinu og nam 21,7% af heildareignum í lok árs, samanborið við rúm 16% í lok árs 2014.

Þó nokkur aukning varð á lánveitingum til sjóðfélaga á árinu. Gildi hóf í mars 2015 að bjóða sjóðfélögum óverðtryggð lán í fyrsta sinn. Sjóðurinn býður nú verðtryggð og óverðtryggð fasteignalán á föstum eða breytilegum vöxtum. Markmið Gildis með lánunum er að vera bakhjarl sjóðfélaga sinna í þessari mikilvægu fjárfestingu sem kaup á húsnæði er. Einnig eru sjóðfélagalán traustur fjárfestingarkostur sem auka áhættudreifingu í safni sjóðsins.

Ljóst er að nokkur áskorun blasir við sjóðnum í fjárfestingum á þessu ári. Gjaldþyrshöft sem hafa verið við lýði frá haustdögum 2008 setja fjárfestingarkostum sjóðsins þröngar skorður. Fyrir vikið hefur vægi erlendra verðbréfa heldur minnkað á þessum tíma. Ef vel á að vera í áhættudreifingu sjóðsins er brýnt að sjóðurinn geti fjárfest í auknum mæli erlendis á komandi misserum. Það er ánægjulegt að stjórnvöld hafi veitt lífeyrissjóðum auknar heimildir til erlendra fjárfestinga á undanförunum mánuðum en rétt er að hafa í huga að uppsöfnuð fjárfestingarþörf sjóðanna erlendis er umtalsverð. Því er mikilvægt að þegar áformum stjórnvalda um losun fjármagnshafta á þessu ári verður hrint í framkvæmd verði núverandi hindrunum fyrir erlendum fjárfestingum lífeyrissjóða rutt úr vegi.

Ný hlutahafastefna sjóðsins var samþykkt í ársbyrjun 2015 og hefur stjórn áfram unnið að innleiðingu hennar. Hluthafastefnan markar stefnu og stjórnarhætti sjóðsins sem eiganda í þeim félögum sem hann fjárfestir í og stuðlar þannig að auknu gegnsæi í fjárfestingum sjóðsins og ábyrgð hans sem eiganda. Innlendir hlutabréfamarkaður hefur verið að stækka og eflast undanfarin ár sem leiðir til nýrra vinnubragða hagsmunaaðila á markaði, bæði hlutafélaga en ekki síður fjárfesta. Sjóðurinn er orðinn stærri hluthafi í félögum en áður og vill axla ábyrgð í samræmi við það.

Með bættu heilsufari þjóðarinnar hafa lífslíkur farið ört hækkandi á undanförunum árum og áratugum. Þetta er afar ánægjuleg þróun en felur þó í sér vissa áskorun fyrir lífeyrissjóði. Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga hefur boðað að nýjar lífslíkutöflur verði gefnar út á þessu ári og verði þar miðað við spá um lengingu meðalævi á komandi árum. Þær breytingar munu auka verulega skuldbindingar lífeyrissjóða og ljóst að við því þarf að bregðast. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um það hvernig þessar auknu skuldbindingum verði mætt en líklegt er að það verði gert með hækkun á ellilífeyrisaldri sjóðfélaga í áföngum á næstu tveimur áratugum eða svo. Með þeim hætti má komast hjá skerðingu lífeyrisgreiðslna á sama tíma og jafnvægis er gætt milli kynslóða við ákvörðun lífeyrisréttinda.

Merkur áfangi náðist í lífeyrisréttindum starfsmanna á almennum vinnu- markaði er samið var um jöfnun lífeyrisréttinda við opinbera starfsmenn í kjarasamningum SA og ASÍ í ársbyrjun 2016. Er gert ráð fyrir að lífeyrisiðgjöld hækki í áföngum úr 12,0% í 15,5% á næstu þremur árum. Jafnframt er gert ráð fyrir að sjóðfélagar geti valið hvort þessari hækkun verði ráðstafað að hluta eða öllu leyti í séreignarsparnað. Fyrsta skrefið í þessa átt verður stigið um mitt þetta ár er iðgjaldið verður hækkað um 0,5%.

Á árinu 2015 voru haldnir 20 stjórnarfundir auk árlegs stefnumótunarfundar í september. Starf stjórnar gekk í alla staði vel og vil ég fyrir hönd stjórnar nota þetta tækifæri og þakka starfsmönnum sjóðsins fyrir gott samstarf og vel unnin störf á liðnu starfsári. Þá þakka ég sérstaklega þeim stjórnarmönnum sem nú ganga úr stjórn fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum.

Þorsteinn Víglundsson  
stjórnarformaður Gildis-lífeyrissjóðs



# Stjórn

Stjórn sjóðsins er skipuð átta mönnum. Fjórir eru kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi og fjórir tilnefndir af stjórn Samtaka atvinnulífsins. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamanna þeirra. Eftirtaldir skipa stjórn sjóðsins til ársfundar 2016: Þorsteinn Víglundsson, formaður, Harpa Ólafsdóttir, varaformaður, Árni Bjarnason, Elínbjörg Magnúsdóttir, Hjörtur Gíslason, Konráð Alfreðsson, Þorbjörg K. Jónsdóttir og Þórunn Liv Kvaran. Samkvæmt samrunasamningi Gildis og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga sat Margrét Birkisdóttir sem áheyrnarfulltrúi á stjórnarfundum Gildis frá 1. janúar 2015 fram að ársfundi Gildis 2015.

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Hún setur sjóðnum fjárfestingarstefnu og skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun og starfsemi sjóðsins. Meðal þess sem stjórnin fjallar um á fundum sínum eru ákvarðanir um fjárfestingar, breytingar á samþykktum, eftirlit með fjárfestingum, mótun innra eftirlits og lána-reglur sjóðsins. Stjórnin skiptir með sér verkum, þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélag hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Samkvæmt samþykktum sjóðsins skulu stjórnarmenn ekki sitja lengur en 8 ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn.

Á árinu voru haldnir 20 stjórnarfundir.

## Hæfi stjórnarmanna

Lög um skylduþryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða kveða á um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra lífeyrissjóða. Skulu þeir búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi skal Fjármálaeftirlitið fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem um starfsemi viðkomandi aðila gilda. Útnefning stjórnarmanna lífeyrissjóða er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins og skulu þeir uppfylla kröfur þess, m.a. um nægilega þekkingu og reynslu af starfsemi lífeyrissjóða.

Í tengslum við framangreint stofnaði Fjármálaeftirlitið á árinu 2010 ráðgjafaneynd sem gefur álit um hæfi stjórnarmanna lífeyrissjóða og á árinu 2011 hóf eftirlitið að framkvæma matið með því að boða stjórnarmenn í viðtöl. Í viðtölunum reynir sérstaklega á eftirfarandi þætti: a) lög og reglur á lífeyrismarkaði, b) reikningsskil og endurskoðun lífeyrissjóða og c) almenna og viðskiptalega stjórnunarþætti.



### Standandi frá vinstri

Konráð Alfreðsson  
Þórunn Liv Kvaran  
Hjörtur Gíslason  
Elínbjörg Magnúsdóttir  
Árni Bjarnason

### Sitjandi frá vinstri

Þorbjörg K. Jónsdóttir  
Þorsteinn Víglundsson  
Harpa Ólafsdóttir

Mynd tekin á stjórnarfundum Gildis 25. febrúar 2016.

# Starfsmenn



30 starfsmenn störfuðu  
hjá sjóðnum í mars 2016,  
28 í Reykjavík og 2 á Ísafirði.



Starfsmenn Gildis á skrifstofu sjóðsins á Ísafirði eru  
Soffía Þóra Einarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir

## Standandi frá vinstri

Ásdís Ósk Smáradóttir  
Guðrún Inga Ingólfssdóttir  
Unnur Ingibjörg Sigfúsdóttir  
Örn Guðnason  
Nanna Þórarinsdóttir  
Hrefna Snorradóttir  
Rebekka Ólafsdóttir  
Anna Rúnarsdóttir  
Sigurborg Reynisdóttir  
Guðrún Rögn Jónsdóttir  
Guðmundur Bergþórsson  
Guðrún K. Sigurðardóttir  
Ingileif Kristinsdóttir  
Pálína Hallgrímsdóttir

## Sitjandi frá vinstri

Ingveldur M. Kjartansdóttir  
Kristrún Sigurðardóttir  
Jóhanna Erla Þorvaldsdóttir  
Bjarney Sigurðardóttir  
Árni Guðmundsson  
Sigrún A. Vilhelmsdóttir  
Ásbjörg Hjálmarsdóttir  
Friðgerður Friðriksdóttir  
Ágústa H. Laufeyjardóttir

## Fjarverandi voru

Anna Lis Hjaltadóttir  
Árni Hrafn Gunnarsson  
Davíð Rúdólfsson  
Ólafur Arason  
Þórhallur Ásbjörnsson

## Starfssvið

Lánamál  
Staðgengill forstöðumanns eignastýringar  
Eignastýring  
Deildarstjóri lífeyrisdeildar  
Afgreiðsla/móttaka  
Skráning iðgjalda  
Forstöðumaður áhættueftirlits  
Bókhald  
Deildarstjóri séreignardeildar  
Lífeyrismál  
Eignastýring  
Deildarstjóri lánadeildar  
Aðalbókari  
Lífeyrismál

## Starfssvið

Lánamál  
Gjaldkeri  
Innheimta iðgjalda  
Skrifstofustjóri  
Framkvæmdastjóri  
Skráning iðgjalda  
Afgreiðsla/móttaka  
Innheimta iðgjalda  
Lífeyrismál

## Starfssvið

Deildarstjóri iðgjaldadeildar  
Lögfræðingur  
Forstöðumaður eignastýringar  
Forstöðumaður tölvu- og upplýsingamála  
Eignastýring

# Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd hefur verið starfandi hjá Gildi frá júní 2009. Hún er skipuð af stjórn sjóðsins til þess að sinna verkefnum á ábyrgðarsviði stjórnarinnar. Nefndin á að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila til að auka traust á fjárhagslegum upplýsingum.

## Aðalhlutverk nefndarinnar er:

- Mat á eftirlitsumhverfi sjóðsins og fyrirkomulagi áhættustýringar og áhættueftirlits
- Greining á virkni innri endurskoðunar og eftirlit með framkvæmd endurskoðunar
- Að gera tillögu um val á ytri endurskoðanda og meta óhæði endurskoðanda
- Tryggja fylgni við lög og reglur

Til þess að sinna þessu hlutverki á endurskoðunarnefnd að koma á beinum samskiptum milli stjórnar lífeyrissjóðsins, yfirstjórnar og innri og ytri endurskoðenda.

Í nefndinni eru Sigurður Þórðarson, fyrrverandi ríkisendurskoðandi, sem er formaður, Kolbeinn Gunnarsson, formaður Verkalýðsfélagsins Hlífar og Þórunn Liv Kvaran, sem situr einnig í stjórn sjóðsins.

Á árinu hélt endurskoðunarnefndin 10 fundi.




# Lykiltölur í starfsemi 2015

## Yfirlitsmynd fyrir starfsemi Gildis á árinu 2015




## Breyting á eignastöðu Gildis á árinu 2015




\*Þar með talið um 1,1 ma.kr. örorkuframlag úr ríkissjóði

## Tryggingafræðilega staða



## Ávöxtun deilda sjóðsins á árinu 2015






# Verðbréfamarkaðir

## Innlendur verðbréfamarkaður

### Þróun innlands hlutabréfamarkaðar á árinu 2015


Ávöxtun á innlendum hlutabréfamarkaði var góð á liðnu ári. Úrvalsvísitala Kauphallarinnar (OMX18 GI) hækkaði um 49,0% og stóð í 2.052,8 stigum í árslok. Heildarvísitala hlutabréfa (OMX1 GI) hækkaði um 42,3% á árinu og stóð í 621,7 stigum. Báðar vísitölurnar eru leiðréttar fyrir arðgreiðslum.

### Verðbreyting innlendra hlutabréfavísitalna á árinu 2015



Skráð hlutafélög hækkuðu mikið á árinu. Leiðrétt fyrir arðgreiðslum hækkuðu bréf í Marel, Icelandair, Reginn og N1 áberandi mest. Bréf í Marel hækkuðu um 84,2%, bréf í Icelandair um 67,8%, Reginn um 44,6% og N1 um 42,4%. Hlutabréf annarra félaga hækkuðu einnig mikið en af 15 skráðum félögum hækkuðu hlutabréf 9 þeirra umfram 20% á árinu 2015. Bréf Eikar fasteignafélags hækkuðu um 19,4% frá skráningu, Reita um 31,1% og Símann um 3,7%.


### Verðbreyting helstu skráðra félaga á árinu 2015 (leiðrétt fyrir arði)




\*Skráning á árinu 2015

Heimild: Nasdaq OMX Nordic

## Markaðsvirði skráðra hlutabréfa í árslok 2014 og 2015



## Markaðsvirði skráðra hlutabréfa í árslok 2014 og 2015



Heildarvelta á hlutabréfamarkaði hefur aukist jafnt og þétt á undanförunum árum í takt við aukinn fjölda skráðra félaga. Á árinu 2015 nam velta á innlendum hlutabréfamarkaði um 392 mö.kr. sem er 34% aukning frá árinu 2014 þegar veltan nam 292 mö.kr. Skráðum félögum hefur einnig fjölgað en á árinu 2015 bættust þrjú ný félög á Aðallista Kauphallarinnar. Fasteignafélögin Reitir og Eik voru skráð á markað í apríl og Síminn í október. Félög á Aðallista voru því alls 17 í árslok.

Fjárhagslegur styrkur skráðra félaga er mikill og hafa arðgreiðslur og endurkaup félaga á eigin bréfum aukist mikið undanfarið ár. Á árinu 2015 námu arðgreiðslur skráðra félaga tæpum 23 mö.kr.


Heildarmarkaðsvirði hlutafjár félaga skráðra á Aðallista Kauphallar nam um 1.000 mö.kr. í árslok 2015 samanborið við um 640 ma.kr. í árslok 2014. Markaðsvirði þeirra þriggja félaga sem skráð voru á árinu nam um 126 mö.kr. í árslok eða um 12,5% af markaðsvirði allra skráðra félaga. Stærstu félögin í Kauphöllinni eru Marel, Össur og Icelandair en samanlagt markaðsvirði þessara þriggja félaga nam 58,2% af heildarvirði allra skráðra félaga á Aðallista Kauphallarinnar í árslok 2015.

## Þróun innlands skuldabréfamarkaðar á árinu 2015

Verðbólga var lág í upphafi ársins 2015 eða 0,8%. Hún hélst undir 2,5% verðbólgu markmiði Seðlabankans allt árið og stóð í 2,0% í lok ársins. Stýrivextir Seðlabankans, þ.e. vextir á lánum gegn veði í verðbréfum, hækkuðu um 1,25% á árinu og voru 6,5% í árslok.


Ávöxtunarkrafa ríkistryggðra skuldabréfa var sveiflukennd á árinu. Hækkun stýrivaxta á árinu stuðlaði að hækkuðu ávöxtunarkröfu styttri óverðtryggðra ríkisskuldabréfa yfir árið. Aftur á móti lækkaði ávöxtunarkrafa verðtryggðra bréfa og langra óverðtryggðra bréfa á árinu.

### Ávöxtunarkrafa verðtryggðra ríkisskuldabréfa á árinu 2015




Heimild: Nasdaq OMX, Þingveitan

### Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa á árinu 2015



Heimild: Nasdaq OMX, Þingveitan

### Verðbólga og stýrivextir Seðlabanka Íslands á árinu 2015



Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Gildi-lífeyrissjóður


## Erlendir verðbréfamarkaðir og gengi gjaldmiðla

### Þróun erlendra hlutabréfamarkaða á árinu 2015

Ávöxtun erlendra hlutabréfa á árinu 2015 var misjöfn milli markaða og eftir árshlutum. Heimsvísitala Morgan Stanley (MSCI World Index með arðgreiðslum) hækkaði um 2,6% á fyrri hluta ársins mælt í dollurum en lækkaði hins vegar um 0,9% fyrir árið í heild mælt í sömu mynt. Mælt í heimamynt skilaði hlutabréfamarkaðurinn í Evrópu hæstri ávöxtun á árinu og hækkaði vísitalan MSCI Europe um 5,5% talið í evrum. Hin bandaríska S&P500 vísitala lækkaði um 0,7% á árinu. Nýmarkaðsvísitalan (MSCI EM) lækkaði mikið á árinu eða 17,0% mælt í dollar eftir nokkrar hækkanir framán af ári.

Sjá má á meðfylgjandi mynd þróun helstu erlendra hlutabréfavísitalna á árinu 2015 í heimamynt hvers markaðar.


### Þróun erlendra hlutabréfavísitalna á árinu 2015, mælt í heimamynt



Að teknu tilliti til styrkingar dollars gagnvart krónu þá hækkaði heimsvísitala hlutabréfa um 1,2% á árinu 2015, mælt í íslenskum krónum.


Þróun S&P 500 vísitölunnar var jákvæð um 1,4% á árinu mælt í íslenskum krónum en hlutabréfavísitala nýmarkaða lækkaði um 15,2%. Aðra sögu er hins vegar að segja af áhrifum breytinga á evru sem veiktist gagnvart krónunni og lækkuðu evrópsk hlutabréf um 3,4% á árinu mælt í íslenskum krónum. Sjá meðfylgjandi mynd um þróun helstu erlendra hlutabréfavísitalna á árinu 2015 í íslenskum krónum.

### Þróun erlendra hlutabréfavisitalna á árinu 2015, mælt í íslenskum krónum



Á árinu 2015 styrktist gengi íslensku krónunnar um 7,3 % og stóð gengisvísitala krónunnar í 191,5 stigum í árslok samanborðið við 206,6 stig í árslok 2014. Þróun helstu gjaldmiðla gagnvart krónunni var mismunandi, krónan styrktist um 8,4% gagnvart evru en veiktist um 2,1% gagnvart dollar. Gengi dollars (USD/ISK) var 129,6 og gengi evru (EUR/ISK) var 141,3 í árslok samanborðið við dollaragengið 126,9 og evrugengið 154,3 í lok ársins 2014.

### Gengisþróun íslensku krónunnar á árinu 2015, styrking (+) eða veiking (-) krónunnar í %








# Samtryggingardeild

## Sjóðfélagar

Rúmlega 46.300 sjóðfélagar greiddu iðgjöld til sjóðsins á árinu 2015. Sjóðfélagar eru frá 123 löndum. Aldursdreifing kynjanna er nokkuð svipuð. Flestir sjóðfélagar, óháð kyni, eru á aldrinum 17-25 ára. Kynjaskipting sjóðfélaga er 55,3% karlar og 44,7% konur.

### Aldursdreifing virkra sjóðfélaga sem greiddu iðgjöld á árinu 2015



Sjóðfélagar í Gildi endurspeglar nánast allar atvinnugreinar landsins. Í töflunni hér að neðan má sjá skiptingu sjóðfélaga eftir atvinnugreinum m.v. iðgjöld til Gildis á árinu 2015.

Atvinnugreinar	Hlutfall karla	Hlutfall kvenna	Hlutfall sjóðfélaga
Gististaðir og veitingarekstur	9,4%	12,0%	21,4%
Opinber stjórnýsla, varnarmál og almannatryggingar	7,4%	12,2%	19,6%
Verslun	4,9%	2,6%	7,5%
Leigustarfsemi og sérhæfð þjónusta	3,7%	2,5%	6,2%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	0,9%	5,2%	6,1%
Mannvirkjagerð	5,6%	0,2%	5,9%
Fullvinnsla sjávarafurða	4,3%	1,4%	5,7%
Fiskveiðar og eldi	4,4%	0,6%	5,0%
Iðnaður	3,7%	0,9%	4,6%
Óþekkt starfsemi	2,1%	1,2%	3,3%
Flutningar	3,0%	0,3%	3,3%
Þjónusta	0,6%	1,1%	1,6%
Rafmagn, veitur og sorp	1,2%	0,3%	1,5%
Menningar, íþróttar og tómstundastarf	0,7%	0,5%	1,2%
Félagasamtök	0,3%	0,9%	1,2%
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	0,6%	0,5%	1,1%
Fræðslustarfsemi	0,2%	0,8%	1,0%
Matvælaíðnaður	0,6%	0,3%	0,9%
Sérfræði-, vísindaleg og tæknistarfsemi	0,5%	0,3%	0,9%
Fasteignaviðskipti	0,4%	0,4%	0,8%
Upplýsingar og fjarskipti	0,4%	0,2%	0,6%
Landbúnaður	0,3%	0,2%	0,4%
Jarðvinnsla	0,1%	0,0%	0,1%
Heimilisíðnaður	0,0%	0,0%	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>55,3%</b>	<b>44,7%</b>	<b>100,0%</b>


## Iðgjöld

Heildariðgjöld á árinu 2015 námu 17,7 mö.kr. og hækkuðu á milli ára um 25,7%. Þessi mikla hækkun skýrist meðal annars af samruna við Lífeyrissjóð Vestfirðinga. Á árinu greiddi alls 5.081 launagreiðandi iðgjöld til sjóðsins fyrir 46.328 sjóðfélaga. Sjóðfélagar með réttindi í árslok voru samtals 209.268 sem er fjölgun um 8,7% á milli ára.

Iðgjöld til sjóðsins á árinu 2015 voru að lágmarki 12% af heildarlaunum. Launþegar greiddu 4% og atvinnurekendur 8%. Ýmsir kjarasamningar þeirra stéttarfélaganna sem aðild eiga að sjóðnum kveða síðan á um hærra framlag. Allir launamenn greiða iðgjöld frá 16 ára aldri til 70 ára aldurs.

Yfirlit eru send sjóðfélögum tvisvar á ári þar sem fram koma sundurliðuð framlög sjóðfélaga og launagreiðenda. Þannig geta sjóðfélagar fylgst með þróun réttinda sinna og séreignar og yfirfarið greiðslur frá launagreiðendum. Þessar upplýsingar eru einnig aðgengilegar á sjóðfélagavef Gildis. Séu vanskil af hálfu launagreiðenda er lögmönnum lífeyrissjóðsins falin innheimta iðgjaldanna.

### Iðgjöld árána 2014\* og 2015 eftir aldri iðgjaldagreiðenda



## Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar námu alls 13.130 m.kr. á árinu 2015 og hækkuðu um 19,1% milli ára. Stóran hluta þeirrar hækkunar má rekja til sameiningar við Lífeyrissjóð Vestfirðinga. Lífeyrir sem hlutfall af hreinni eign var 2,9% á árinu 2015, en var 3,0% árið áður.

### Fjöldi lífeyrisþega í samtryggingardeild

Lífeyrisþegar voru 20.580 á árinu 2015 og þar af var 31 lífeyrisþegi sem fékk einnig greiddan elli-og makalífeyri frá Umsjónarnefnd eftirlauna, samtals 4,8 m.kr. Lífeyrisþegum hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár en þó

nokkur breyting varð á árinu 2015 vegna sameiningar Gildis og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga. Við sameininguna bættust rúmlega 2.000 lífeyrisþegar í hópinn og skekkir það samanburð á milli ára, bæði hvað varðar fjölda lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum.

### Fjöldi lífeyrisþega og tegundir lífeyris á árunum 2014 og 2015

	2015	2014	Breyting milli ára
<b>Lífeyrisþegar</b>	<b>20.580</b>	<b>18.189</b>	<b>13,1%</b>
<i>Fjöldi lífeyrisþega eftir tegund lífeyris:</i>			
Ellilífeyrir	16.321	13.581	20,2%
Örorkulífeyrir	6.155	4.860	26,6%
Makalífeyrir	2.346	2.006	16,9%
Barnalífeyrir	1.306	1.092	19,6%

#### Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar

Lífeyrisgreiðslur hækka mun meira á milli ára en undanfarin ár eða um 19,1%. Stóran hluta þeirrar hækkunar má rekja til sameiningar við Lífeyrissjóð Vestfirðinga. Þá eru einnig stórir árgangar landsmanna að komast á lífeyrisaldur sem hefur áhrif á hækkunina.


### Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar 2014 og 2015 (m.kr.)

	2015	2014	Breyting milli ára
Ellilífeyrir	7.895	6.651	18,7%
Örorkulífeyrir	4.252	3.528	20,5%
Makalífeyrir	842	725	16,1%
Barnalífeyrir	141	121	16,5%
<b>Samtals</b>	<b>13.130</b>	<b>11.025</b>	<b>19,1%</b>

#### Orsakir örorku

Myndin hér að neðan sýnir skiptingu á orsökum örorku hjá lífeyrisþegum Gildis í desember 2015. Orsakir örorku hafa lítið breyst undanfarin ár og sem fyrr eru stoðkerfis- og gigtarsjúkdómar og geð- og þunglyndissjúkdómar áfram langstærstu flokkarnir.

### Orsakir örorku hjá örorkulífeyrisþegum m.v. desember 2015



## Lán til sjóðfélaga

Á árinu 2015 voru veitt 230 ný lán til sjóðfélaga samtals að fjárhæð 2,2 ma.kr. Árin eftir 2008 einkenndust af verulegum samdrætti í lánveitingum til sjóðfélaga eins og sjá má í meðfylgjandi töflu, en á árinu 2014 varð viðsnúningur í kjölfar breytinga á lánareglum sjóðsins í árslok 2013. Aukningin í fjölda lána á milli áranna 2013 og 2014 var 156%. Vöxturinn hélt áfram á árinu 2015 þar sem fjöldi nýrra lána varð alls 230 lán eða sem svarar til 52% aukningar milli ára.

Ár	Fjöldi nýrra lána	Heildarfjárhæð (m.kr.)
2015	230	2.198
2014	151	1.467
2013	59	356
2012	63	290
2011	95	505
2010	82	361
2009	164	691
2008	455	1.915

Útistandandi sjóðfélagalán um áramót voru 3.312 talsins, samtals að fjárhæð 13,2 ma.kr. Á síðustu árum hefur lánnum í vanskilum fækkað ár frá ári og fjárhæðir vanskila lækkað. Lán í vanskilum um áramót (90 daga og eldra) voru 114 sem er 3,5% af heildarlánafjölda, samanborið við 144 lán árið 2014 og 178 árið 2013. Vanskilin námu samtals 92 m.kr. og heildareftirstöðvar lána í vanskilum um áramót voru rúmlega 651 m.kr.


### Breyttar lánareglur

Í febrúar 2015 voru lánareglur sjóðsins teknar til endurskoðunar og til að auka sveigjanleika sjóðfélaga var sjóðfélögum gefinn kostur á óverðtryggðum lánnum. Sjóðfélagar geta því valið um verðtryggð eða óverðtryggð lán, með fasta eða breytilega vexti til allt að 40 ára og veðhlutfall allt að 75%. Einnig var gerð sú breyting að sjóðfélagalánum er skipt í tvo hluta, eftir veðhlutfalli lána. Annars vegar er um að ræða grunnlán fyrir veðsetningu á bilinu 0–65% af virði fasteignar og hins vegar viðbótarlán fyrir þann hluta láns sem er með veðsetningu á bilinu 65–75%. Allir sem greitt hafa til Gildis, í samtryggingu eða séreign, eiga rétt á að sækja um lán hjá sjóðnum.

## Ávöxtun samtryggingardeildar


Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar Gildis-lífeyrissjóðs á árinu 2015 nam 9,9% líkt og á árinu 2014. Hrein raunávöxtun deildarinnar var 7,7% samanborið við 8,8% á árinu 2014.

### Ávöxtun samtryggingardeildar




Pegar horft er til lengra tímabils en eins árs nemur 5 ára meðalnafnávöxtun samtryggingardeildar 9,8% og meðalraunávöxtun 6,3%. 10 ára meðalnafnávöxtun nemur 6,7% og meðalraunávöxtun 1,1%.

### Ávöxtun samtryggingardeildar undanfarin 10 ár



Nafnávöxtun skuldabréfasafns samtryggingardeildar var 6,4% og ávöxtun innlána var 2,7%, reiknað af meðalstöðu eigna í upphafi og lok árs. Innlend hlutabréf og hlutdeildarsjóðir skiluðu 34,4% nafnávöxtun á árinu. Góð ávöxtun ársins er því borin uppi af innlendum hlutabréfum, skráðum og óskráðum. Innlend hlutabréf eru 21,7% af eignum samtryggingardeildar í árslok en standa hins vegar fyrir um 4,6% af 7,7% raunávöxtun deildarinnar á árinu.

### Ávöxtun eignaflokka samtryggingardeildar á árinu 2015\*



\*Reiknað miðað við meðalstöðu eignaflokks í upphafi og lok árs


## Fjárfestingar samtryggingardeildar

Nettó fjárfestingar ársins námu 29,5 mö.kr. á árinu 2015. Alls voru keypt verðbréf fyrir 59,2 ma.kr og seld verðbréf fyrir 29,7 ma.kr. Helstu fjárfestingar samtryggingardeildar sjóðsins voru í innlendum skráðum hlutabréfum, skuldabréfum útgefnum af bönkum, skuldabréfum fyrirtækja auk þess sem nokkur aukning var í lánum til sjóðfélaga á árinu 2015.

### Fjárfestingar samtryggingardeildar á árinu 2015 (í m.kr.) – kaup, sala og nettó kaup

Verðbréfaflokkur	Kaup	Sala	Nettó
<b>Skuldabréf</b>	<b>37.640</b>	<b>15.362</b>	<b>22.278</b>
Ríkistryggð skuldabréf	4.020	5.722	- 1.702
Skuldabréf sveitarfélaga	2.331	0	2.331
Skuldabréf fyrirtækja	3.523	0	3.523
Skuldabréf banka og sparissj.	11.025	5	11.020
Veðskuldabréf	2.198	0	2.198
Erlend skuldabréf og skammt.sj	14.543	9.635	4.908
<b>Hlutabréf</b>	<b>21.557</b>	<b>13.592</b>	<b>7.964</b>
Hlutabréf – Innlend skráð	9.411	929	8.481
Hlutabréf – Innlend óskráð	3.184	884	2.301
Hlutabréf – Erlend skráð	6.759	5.193	1.566
Hlutabréf – Erlend óskráð	2.203	6.587	- 4.384
<b>Erlendir fasteignasjóðir</b>	<b>0</b>	<b>685</b>	<b>- 685</b>
<b>Erlendir vogunarsjóðir</b>	<b>0</b>	<b>24</b>	<b>- 24</b>
<b>Samtals</b>	<b>59.196</b>	<b>29.663</b>	<b>29.533</b>

### Fjárfestingar samtryggingardeildar á árinu 2015 (í m.kr.) – nettó kaup



## Verðbréfaeign


Verðbréfasafn samtryggingardeildar Gildis hefur tekið miklum breytingum á undanföllum árum. Eins og sjá má á myndunum hér að neðan hefur vægi innlendra hlutabréfa helst aukist á liðnum árum, sem og vægi annarra skuldabréfa en ríkisskuldabréfa. Á sama tíma hefur vægi erlendra hlutabréfa nokkurn veginn staðið í stað en vægi ríkisskuldabréfa og veðskuldabréfa hefur hins vegar farið lækkandi.

### Verðbréfaeign og innlán samtryggingardeildar 2015 (m.kr.)




Verðbréfaeign	Eign í m.kr.	% af safni
■ Ríkistryggð skuldabréf	141.361	31,6%
■ Erlend hlutabréf	110.108	24,6%
■ Innlend hlutabréf	97.613	21,8%
■ Skuldabréf fyrirtækja	29.838	6,7%
■ Skuldabréf banka og sparisj.	18.680	4,2%
■ Veðskuldabréf	16.662	3,8%
■ Skuldabréf sveitarfélaga	15.795	3,5%
■ Innlán	9.061	2,0%
■ Erlend skuldabréf og skammtímasj.	7.706	1,3%
■ Erlendir fasteignasjóðir	2.220	0,5%
■ Vogunarsjóðir	21	0,0%
<b>Samtals verðbréfaeign</b>	<b>449.066</b>	<b>100,0%</b>

### Hrein eign samtryggingardeildar eftir eignaflokkum frá 2005 til 2015 (m.kr.)




### Hlutfallsleg skipting samtryggingardeildar eftir eignaflokkum frá 2005 til 2015



## Innlent hlutabréfasafn samtryggingardeildar


Í árslok 2015 nam innlend hlutabréfaeign samtryggingardeildar 97,6 mö.kr. eða 21,7% af verðbréfaeign sjóðsins, samanborið við 60,4 ma.kr. í árslok 2014 eða 16,1%. Þar af námu innlend skráð hlutabréf 72,2 mö.kr. en eign í innlendum óskráðum hlutabréfum og framtakssjóðum nam 25,4 mö.kr. Stærstu einstöku eignir samtryggingardeildar í innlendum hlutabréfum í lok ársins eru 5,8% hlutur í Össuri, 6,5% hlutur í Marel og 6,3% hlutur í Icelandair Group. Innlend óskráð hlutabréf og framtakssjóðir nema 26,0% af innlendri hlutabréfaeign sjóðsins og skráð bréf 74,0%.

### Innlend skráð hlutabréf í árslok 2015 (ma.kr.)




\* Eik, Síminn, Reitir, skráð á árinu 2015

### Innlend skráð hlutabréf í árslok 2015




### Innlend óskráð hlutabréf og framtakssjóðir í árslok 2015





Nafnávöxtun innlendra hlutabréfa nam 34,4% á árinu. Skráð innlend hlutabréf hækkuðu um 45,0% á árinu og innlend óskráð hlutabréf og framtakssjóðir um 12,4%.


### Nafnávöxtun innlendra hlutabréfa á árinu 2015




## Innlent skuldabréfasafn samtryggingardeildar

Innlent skuldabréfaeign samtryggingardeildar í árslok 2015 nam 222,3 mö.kr. eða um 49,7% af hreinni eign sjóðsins. Stærsti hluti skuldabréfasafnsins eru skuldabréf með ríkisábyrgð og nemur sá hluti 141,4 mö.kr eða um 63,7% af skuldabréfaeign sjóðsins. Aðrir helstu flokkar skuldabréfa í safni Gildis eru skuldabréf fyrirtækja, banka og sparisjóða, sveitarfélaga og sjóðfélagalán.


### Innlent skuldabréfasafn í árslok 2015



### Nafnávöxtun innlendra skuldabréfa á árinu 2015




### Innlend skuldabréf með ríkisábyrgð í árslok 2015




Af skuldabréfum með ríkisábyrgð í safni Gildis eru 109,6 ma.kr. útgefnir af Íbúðalánasjóði og forverum hans. Næstur á eftir í hópi útgefenda ríkis-tryggðra bréfa kemur ríkissjóður með 31,0 ma.kr. í safni Gildis í árslok 2015.

### Innlend skuldabréf sveitarfélaga í árslok 2015



Í safni skuldabréfa sveitarfélaga vóg Lánasjóður sveitarfélaga þyngst í árslok 2015 eða sem nemur 6,9 mö.kr. Þar á eftir eru 2,6 ma.kr. í skuldabréfum Reykjavíkurborgar (þ.m.t. skuldabréf útgefnir af Orkuveitu Reykjavíkur sem eru með ábyrgð borgarinnar) og 2,2 ma.kr. útgefið af Kópavogsbæ.

### Innlend skuldabréf fyrirtækja í árslok 2015




Stærsti skuldari í fyrirtækjaskuldabréfasafninu er Reitir fasteignafélag en Gildi átti um 6,6 ma.kr. skuldabréfaeign útgefna af félaginu í lok árs 2015. Samsvarar það um 22,3% af fyrirtækjaskuldabréfasafni Gildis. Næst í röðinni er Eik fasteignafélag þar sem samanlögð skuldabréfaeign Gildis nemur 5,3 mö.kr sem er um 18,0% af fyrirtækjaskuldabréfasafninu. Útgáfur tengdar Regin fasteignafélagi í safni Gildis, þ.e. REG-2 Smáralind og REG-3 Atvinnuhúsnæði, eru samtals að fjárhæð 4,9 ma.kr. í árslok eða 16,7% af innlendum skuldabréfum fyrirtækja í safni Gildis.

### Veðskuldabréf í árslok 2015



Veðskuldabréf í safni Gildis, þ.e. skuldabréf með veði í fasteignum, námu 16,9 mö.kr. samanlagt í árslok 2015. Stærsti hluti veðskuldabréfasafnsins eru 3.312 lán til sjóðfélaga sem samtals námu um 13,2 ma.kr. í árslok. Þar af var um 51,4% með föstum verðtryggðum vöxtum, um 46,4% með breytilegum verðtryggðum vöxtum og um 2,2% með breytilegum óverðtryggðum vöxtum. Önnur veðskuldabréf og sjóðir í veðskuldabréfasafni Gildis námu 3,7 mö.kr. í lok ársins 2015.

### Skuldabréf banka og sparisjóða í árslok 2015




Skuldabréf banka og sparisjóða í safni Gildis námu 18,7 mö.kr. að bókfærðu virði í árslok 2015. Stærstur hluti skuldabréfa í þessum flokki, um 98,4%, eru sértryggð skuldabréf banka. Helstu útgefendur í flokki skuldabréfa banka og sparisjóða voru Arion banki, Íslandsbanki og Landsbanki.

## Erlent verðbréfasafn samtryggingardeildar


Erlent verðbréfasafn samtryggingardeildar samanstendur af skráðum hlutabréfasjóðum og hlutabréfum, framtakssjóðum, fasteignasjóðum, skuldabréfasjóðum og vogunarsjóðum, auk lausafjár sem fjárfest er í erlendum skammtímaskuldabréfasjóðum. Erlendar eignir samtryggingardeildar sjóðsins námu 120,1 mö.kr. í árslok 2015 eða sem nemur 26,6% af hreinni eign. Erlenda verðbréfasafnið í árslok 2015 skiptist þannig að 72,9% er í skráðum hlutabréfum eða hlutabréfasjóðum (e. Equity), 18,8% í framtakssjóðum (e. Private Equity), 4,8% í skammtímaskuldabréfasjóðum (e. Money market), 1,6% í skuldabréfasjóðum (e. Bonds) og 1,8% í fasteignasjóðum (e. Real Estate). Eign Gildis í vogunarsjóðum (e. Hedge Funds) var hverfandi í árslok 2015 en þar er um að ræða safn sem hefur verið í innlausnarferli undanfarin ár. Yfirlit yfir stærstu fjárvörsluaðila erlendra eigna má sjá á myndum hér að neðan.

### Erlent verðbréfasafn í árslok 2015 (ma.kr.) og hlutfallsleg eignaskipting




## Erlendir fjárvörsluaðilar


### Hlutabréfasjóðir og sérgreind hlutabréfasöfn í árslok 2015




### Framtakssjóðir í árslok 2015




### Fasteignasjóðir í árslok 2015



### Skuldabréf og skammtímasjóðir í árslok 2015



### Nafnávöxtun erlendra hlutabréfa á árinu 2015



## Fjárfestingarstefna

### Fjárfestingarstefna 2016 og heildareignir

Fjárfestingarstefna Gildis er gerð með það að markmiði að ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim fjárfestingarkostum og kjörum sem best bjóðast á hverjum tíma að teknu tilliti til áhættu.

Fjárfestingarstefna sjóðsins fyrir árið 2016 var sett af stjórn Gildis þann 25. nóvember 2015. Í nýrri stefnu samtryggingardeildar sjóðsins er helst lögð áhersla á að auka vægi innlendra og erlendra hlutabréfa, skuldabréfa fyrir-tækja og veðskuldabréfa. Á sama tíma gerir ný stefna ráð fyrir að dregið verði úr vægi ríkisskuldabréfa, innlána og erlendra skammtímasjóða. Vikmörk fjárfestingarstefnunnar eru áfram höfð nokkuð rúm þar sem lítil sýnileiki á framboði fjárfestingarkosta á árinu kallar á sveigjanleika sjóðsins til fjárfestinga.

### Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar fyrir árið 2016 og eignaskipting

Verðbréfaflokkur	Eignir (m.kr)	Eignir (%)	Stefna 2016	Heimilud frávik	
	31.12.2015	31.12.2015		Lágmark	Hámark
<b>Innlán</b>	<b>9.061</b>	<b>2,0%</b>	<b>0,0%</b>	<b>0,0%</b>	<b>10,0%</b>
<b>Skuldabréf</b>	<b>230.043</b>	<b>51,2%</b>	<b>49,5%</b>	<b>40%</b>	<b>60%</b>
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	141.361	31,5%	27,0%	22,0%	42,0%
Skuldabréf banka og sparisjóða	18.680	4,2%	5,0%	2,0%	9,0%
Veðskuldabréf	16.662	3,7%	5,0%	2,0%	9,0%
Skuldabréf sveitarfélaga	15.795	3,5%	3,5%	2,0%	7,0%
Skuldabréf fyrirtækja	29.838	6,6%	8,0%	3,0%	12,0%
Erlend skuldabréf	1.924	0,4%	1,0%	0,0%	3,0%
Erlendir skammtímasjóðir	5.782	1,3%	0,0%	0,0%	5,0%
<b>Hlutabréf</b>	<b>207.721</b>	<b>46,3%</b>	<b>50,0%</b>	<b>35,0%</b>	<b>60,0%</b>
Innlend hlutabréf	97.613	21,7%	23,0%	14,0%	28,0%
Erlend hlutabréf	110.108	24,5%	27,0%	19,0%	35,0%
<b>Aðrar fjárfestingar</b>	<b>2.241</b>	<b>0,5%</b>	<b>0,5%</b>	<b>0,0%</b>	<b>4,0%</b>
Erlendir fasteignasjóðir	2.220	0,5%	0,5%	0,0%	2,0%
Vogunarsjóðir	21	0,0%	0,0%	0,0%	1,0%
<b>Samtals</b>	<b>449.066</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>		

## Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins í árslok 2015 var unnin af Talna-könnun hf. Úttektin fólst í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunninn rétt sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar haldi áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir fara á lífeyri. Lífeyrisréttindi eru verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs og breytast lífeyrisgreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölunni.


Taflan á næstu blaðsíðu sýnir niðurstöðu úttektar á heildarstöðu sjóðsins. Til samanburðar er sýnd niðurstaða úttektar á sjóðnum sem miðast við árslok 2014.

## Niðurstöður tryggingafræðilegrar úttektar fyrir árið 2015 og 2014 (m.kr.)

Heildarstaða í árslok	2015	2014
<b>Eignir</b>		
Hrein eign til greiðslu lífeyris	451.050	368.265
Endurmat verðbréfa	10.958	12.358
Núvirði framtíðar fjárfestingargjalda	-5.471	-5.212
Núvirði framtíðariðgjalda	279.129	232.108
<b>Eignir samtals</b>	<b>735.694</b>	<b>607.518</b>
<b>Skuldbindingar (á núvirði)</b>		
Ellilífeyrir	544.060	453.472
Örorkulífeyrir	129.100	110.154
Makalífeyrir	38.475	36.175
Barnalífeyrir	4.978	4.510
Rekstrarkostnaður	8.837	8.499
<b>Skuldbindingar samtals</b>	<b>725.450</b>	<b>612.810</b>
<b>Eignir umfram skuldbindingar</b>	<b>10.244</b>	<b>-5.292</b>
<b>Í hlutfalli af skuldbindingum</b>	<b>1,4%</b>	<b>-0,9%</b>

Niðurstaða tryggingafræðilegrar úttektar sýnir að heildareignir sjóðsins eru 10.244 m.kr. hærrí en heildarskuldbindingar í árslok 2015. Heildareignir umfram skuldbindingar nema því 1,4%. Það er betri staða en í árslok 2014 en þá var staðan neikvæð um 5.292 m.kr. eða 0,9% af skuldbindingum. Áfallin staða er jákvæð um 20.312 m.kr. eða 4,7% en hún var jákvæð um 6.291 m.kr. í úttektinni í árslok 2014 eða um 1,7%. Í úttektinni er m.a. miðað við þá lögbundnu forsendu að langtímaávöxtun á eignasafni sjóðsins verði 3,5% umfram verðbólgu.


## Þróun tryggingafræðilegrar stöðu – heildarstaða



Tryggingafræðileg úttekt er unnin út frá sömu forsendum og í árslok 2014. Meðal forsendna eru lífslíkur sem byggja á reynslu árunna 2007 til 2011 á Íslandi. Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga hefur boðað að nýjar töflur um lífslíkur verði gefnar út á árinu 2016 og verði þar miðað við spá um hækkandi meðalævi á komandi árum, en fram til þessa hefur verið notast við sögulega reynslu. Mun þessi forsendubreyting auka verulega skuldbindingar lífeyrissjóða. Líklegt er að þeim auknu skuldbindingum verði mætt með hækkun á viðmiðunaráldri við töku ellilífeyris í áföngum yfir langt tímabil.

Myndirnar að neðan sýna þróun á lífslíkum síðastliðna áratugi.

### Ólífuð meðalævi við 35 og 67 ára aldur – meðaltal karla og kvenna



Heimild: Hagstofa Íslands og Gildi-lífeyrissjóður.

### Örorkubyrði/örorkuframlag

Örorkubyrði Gildis og örorkulíkur sjóðfélaga í tryggingafræðilegri úttekt eru með því hæsta sem þekkt hjá íslenskum lífeyrissjóðum. Við útreikning á framtíðarörorkubyrði sjóðsins er reiknað 28% álag á staðlaðar íslenskar örorkulíkur. Hjá mörgum íslenskum lífeyrissjóðum eru örorkulíkurnar allt að helmingi lægri en hjá Gildi.

Til þess að jafna stöðu lífeyrissjóða vegna mismunandi örorkubyrði hafa lífeyrissjóðir fengið úthlutað örorkuframlagi frá ríkinu. Gildi hefur nýtt þetta framlag til þess að hækka réttindi lífeyrisþega og greiðandi sjóðfélaga. Framlagið til Gildis nam 1.180 m.kr. á árinu 2015. Í lok árs 2014 voru á Alþingi samþykkt lög um afnám þessa framlags í áföngum. Af þeim sökum varð stjórn sjóðsins að leggja fyrir ársfund í apríl 2015 tillögu um breytingu á samþykktum sem nam fyrirhuguðum skerðingum ársins. Í tengslum við gerð kjarasamninga í maí samþykktu stjórnvöld hins vegar að falla frá þessum skerðingum. Var því boðað til aukaársfundar í nóvember 2015 þar sem áður samþykkt skerðing var numin úr gildi. Hækkandi iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og hærri lífeyrisgreiðslur leiða hins vegar til þess að örorkuframlagið stendur ekki lengur undir þeirri réttindahækkun sem samþykktir sjóðsins gera ráð fyrir. Það er og hefur verið skoðun stjórnar Gildis að núverandi skipting örorkuframlags sé ekki í takt við örorkubyrði einstakra lífeyrissjóða og nauðsynlegt sé að endurskoða þá skiptingu.





# Séreignardeild

## Rétthafar / lífeyrir í séreignardeild

Rétthafar í séreignardeild Gildis voru 36.557 í árslok 2015. Þar af voru 2.694 rétthafar í séreignardeild Lífeyrissjóðs Vestfirðinga. Lífeyrissjóður Vestfirðinga sameinaðist Gildi 1. janúar 2015 og tók Gildi þann dag við öllum eignum og skuldbindingum sjóðsins, þ.m.t. séreignardeildinni. Á árinu 2015 var rekstri séreignardeildar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga haldið í óbreyttu horfi, en deildin var síðan sameinuð séreignarleiðinni Framtíðarsýn 1 í lok febrúar 2016. Hrein eign séreignardeildar Gildis var 4,0 ma.kr. í lok árs 2015 og hækkaði um 940 m.kr. frá fyrra ári. Greiddar voru 132 m.kr. út úr séreignarleiðum sjóðsins á árinu, þar af 13 m.kr. vegna sérstakrar lagaheimildar um útgreiðslu séreignarsparnaðar. 230 rétthafar nýttu sér heimild til ráðstöfunar séreignar inn á húsnæðislán á árinu 2015. Heimildin gildir til 30. júní 2017. Nýir samningar um séreignarsparnað hjá Gildi voru 67 á árinu.


### Lífeyrisgreiðslur séreignardeildar á árinu 2015 (þús.kr.)

	Framtíðarsýn 1	Framtíðarsýn 2	Framtíðarsýn 3	Framtíðarsýn 4
Ellilífeyrir	23.035	48.268	27.493	11.823
Örorkulífeyrir	230	1.572	0	
Makalífeyrir	1.413	3.017	0	
Barnalífeyrir	1.183	130	0	
Tímabundin útgr. heimild	7.909	1.644	3.923	
<b>Samtals</b>	<b>33.771</b>	<b>54.631</b>	<b>31.417</b>	<b>11.823</b>

## Ávöxtun séreignardeildar

Hrein nafnávöxtun Framtíðarsýnar 1 nam 9,3% á árinu 2015 en hrein raunávöxtun var 7,2%. Hrein nafnávöxtun Framtíðarsýnar 2 nam 10,6% á árinu 2015 og hrein raunávöxtun var 8,4%. Verðtryggt innlán Framtíðarsýnar 3 skiluðu 3,8% hreinni nafnávöxtun á árinu og var hrein raunávöxtun séreignarleiðarinnar því 1,8%. Framtíðarsýn 4, séreignarleið Lífeyrissjóðs Vestfirðinga var sameinuð Framtíðarsýn 1 í lok febrúar 2016. Hrein nafnávöxtun þeirrar leiðar nam 10,7% á árinu og hrein raunávöxtun var 8,5%.

### Ávöxtun séreignardeildar á árinu 2015



Innlend hlutabréf, sem skiluðu hæstri ávöxtun allra eignaflokka á árinu, vege misþungt í eignasöfnum séreignarleidda Gildis. Samtals námu innlend og erlend hlutabréf samtals 41% í safni Framtíðarsýnar 1 í árslok 2015 en tæplega 30% í safni Framtíðarsýnar 2. Hlutabréf námu einnig 30% af eignum Framtíðarsýnar 4. Framtíðarsýn 3 samanstendur einungis af verðtryggðum innlánnum.

## Verðbréfaeign séreignardeildar í árslok 2015

### Framtíðarsýn 1

3,6%  
12,2%  
28,4%  
32%  
5,3%  
9,5%  
9,1%




### Framtíðarsýn 2

1%  
11,8%  
17,8%  
46,1%  
5,9%  
7,8%  
9,5%



### Framtíðarsýn 3

100%



### Framtíðarsýn 4

2,8%  
11,9%  
17,8%  
55,6%  
3,9%  
6,5%  
1,6%



■ Innlán  
■ Innlend hlutabréf

■ Erlend hlutabréf  
■ Ríkistryggð skuldabréf


■ Skuldabréf sveitarfélaga  
■ Skuldabréf banka/  
fjármálafyrirtækja

■ Skuldabréf fyrirtækja

## Framtíðarsýn 1


Hrein nafnávöxtun Framtíðarsýnar 1 nam 9,3% árinu 2015 eða sem nemur 7,2% hreinni raunávöxtun. Sé litið til lengri tíma er 5 ára meðalraunávöxtun Framtíðarsýnar 1 4,9% og meðalraunávöxtun til 10 ára er 2,7%.

### Ávöxtun Framtíðarsýnar 1



Innlent hlutabréfasafn Framtíðarsýnar 1 hækkaði um 44,5% á árinu 2015 sem byggir á góðri ávöxtun bæði skráðra og óskráðra hlutabréfa. Innlend hlutabréf nema samtals 12,2% af eignum deildarinnar í árslok. Skuldabréf skiluðu 9,2% ávöxtun á árinu en samtals vega skuldabréf 57,9% af safninu.

### Nafnávöxtun helstu eignaflokka Framtíðarsýnar 1 á árinu 2015




### Fjárfestingar

Verðbréfakaup Framtíðarsýnar 1 umfram sölu námu 89,5 m.kr á árinu. Mest var fjárfestingin í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins og skuldabréfum útgefnum af bönkum (sértryggð skuldabréf). Sjá má mynd og töflu um helstu fjárfestingar Framtíðarsýnar 1 á næstu síðu.

## Fjárfestingar Framtíðarsýnar 1 á árinu 2015 (þús.kr.) – kaup, sala og nettó kaup

Verðbréfaflokkur	Kaup	Sala	Nettó
<b>Skuldabréf</b>	<b>180.636</b>	<b>98.068</b>	<b>82.569</b>
Ríkistryggð skuldabréf	88.146	45.213	42.933
Skuldabréf sveitarfélaga	9.914	0	9.914
Skuldabréf fyrirtækja	0	0	0
Skuldabréf banka og fjármálafyrirt.	82.577	20.232	62.344
Erlendir skammtímasj.	0	32.623	-32.623
<b>Hlutabréf</b>	<b>20.599</b>	<b>13.722</b>	<b>6.877</b>
Innlend hlutabréf	20.599	13.722	6.877
Erlend hlutabréf	0	0	0
<b>Samtals</b>	<b>201.235</b>	<b>111.790</b>	<b>89.446</b>

## Fjárfestingar Framtíðarsýnar 1 á árinu 2015 (þús.kr.) – nettó kaup



## Fjárfestingarstefna og heildareignir

Í Framtíðarsýn 1 er að jafnaði 35% safnsins í hlutabréfum og 65% í skuldabréfum. Í árslok 2015 var 40,5% safnsins bundinn í hlutabréfum og 59,5% í skuldabréfum og innlánunum.


## Fjárfestingarstefna Framtíðarsýnar 1 og eignaskipting

Verðbréfaflokkur	Eignitr (m.kr)	Eignir (%)	Stefna 2016	Heimiluð frávik	
	31.12.2015	31.12.2015		Lágmark	Hámark
<b>Skuldabréf og innlán</b>	<b>666,4</b>	<b>59,5%</b>	<b>65,0%</b>	<b>55,0%</b>	<b>75,0%</b>
Innlán	40,4	3,6%	1,0%	0,0%	15,0%
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	358,8	32,0%	39,0%	30,0%	65,0%
Skuldabréf banka og sparisjóða	106,3	9,5%	5,0%	0,0%	15,0%
Veðskuldabréf	0	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%
Skuldabréf sveitarfélaga	59,1	5,3%	10,0%	0,0%	15,0%
Skuldabréf fyrirtækja	101,7	9,1%	10,0%	0,0%	15,0%
Erlendir skammtímasjóðir	0	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%
<b>Hlutabréf</b>	<b>454,5</b>	<b>40,5%</b>	<b>35,0%</b>	<b>25,0%</b>	<b>45,0%</b>
Innlend hlutabréf	136,6	12,2%	5,0%	0,0%	15,0%
Erlend hlutabréf	317,9	28,4%	30,0%	20,0%	40,0%
<b>Samtals</b>	<b>1.120,9</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>		

## Framtíðarsýn 2


Hrein nafnávöxtun Framtíðarsýnar 2 nam 10,6% árinu 2015 eða sem nemur 8,4% hreinni raunávöxtun. Sé litið til lengri tíma er 5 ára meðalraunávöxtun Framtíðarsýnar 2 4,5% og meðalraunávöxtun til 10 ára er 2,2%.

### Ávöxtun Framtíðarsýnar 2



Innlent hlutabréfasafn Framtíðarsýnar 2 hækkaði um 60,0% á árinu sem byggir á góðri ávöxtun bæði skráðra og óskráðra hlutabréfa. Innlend hlutabréf vógu í árslok 11,8% af heildarsafni deildarinnar. Skuldabréfasafn Framtíðarsýnar 2 hækkaði um 8,4% á árinu. Í árslok vógu skuldabréf 69,4% af heildareignum Framtíðarsýnar 2.

### Nafnávöxtun helstu eignaflokka Framtíðarsýnar 2 á árinu 2015




### Fjárfestingar

Fjárfestingar Framtíðarsýnar 2 í verðbréfum námu nettó 82,6 m.kr. á árinu. Mest var fjárfestingin í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins, sveitarfélaga og skuldabréfum útgefnum af bönkum (sértryggð skuldabréf). Sjá má mynd og töflu um helstu fjárfestingar Framtíðarsýnar 2 á næstu síðu.

### Fjárfestingar Framtíðarsýnar 2 á árinu 2015 (þús.kr.) – kaup, sala og nettó kaup

Verðbréfaflokkur	Kaup	Sala	Nettó
<b>Skuldabréf</b>	<b>224.946</b>	<b>153.398</b>	<b>71.548</b>
Ríkistryggð skuldabréf	112.599	82.421	30.178
Skuldabréf sveitarfélaga	29.771	0	29.771
Skuldabréf fyrirtækja	0	0	0
Skuldabréf banka og fjármálafyrirt.	82.577	20.232	62.344
Erlendir skammtímasj.	0	50.745	- 50.745
<b>Hlutabréf</b>	<b>40.483</b>	<b>29.455</b>	<b>11.028</b>
Innlend hlutabréf	40.483	29.455	11.028
Erlend hlutabréf	0	0	0
<b>Samtals</b>	<b>265.428</b>	<b>182.853</b>	<b>82.575</b>

### Fjárfestingar Framtíðarsýnar 2 á árinu 2015 (þús.kr.) – nettó kaup



### Fjárfestingarstefna og heildareignir

Í Framtíðarsýn 2 er að jafnaði 20% safnsins í hlutabréfum og 80% í skuldabréfum. Í árslok 2015 var vægi hlutabréfa 29,6% og vægi skuldabréfa og innlána 70,4%


### Fjárfestingarstefna Framtíðarsýnar 2 og eignaskipting

Verðbréfaflokkur	Eignir (m.kr.) 31.12.2015	Eignir (%) 31.12.2015	Stefna 2016	Heimilud frávik	
				Lágmark	Hámark
<b>Skuldabréf og innlán</b>	<b>1.155,3</b>	<b>70,4%</b>	<b>80,0%</b>	<b>70,0%</b>	<b>90,0%</b>
Innlán	17,1	1,0%	1,0%	0,0%	15,0%
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	757,0	46,1%	54,0%	45,0%	80,0%
Skuldabréf banka og sparisjóða	127,8	7,8%	5,0%	0,0%	15,0%
Veðskuldabréf	0	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%
Skuldabréf sveitarfélaga	97,1	5,9%	10,0%	0,0%	15,0%
Skuldabréf fyrirtækja	156,3	9,5%	10,0%	0,0%	15,0%
Erlendir skammtímasjóðir	0	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%
<b>Hlutabréf</b>	<b>485,7</b>	<b>29,6%</b>	<b>20,0%</b>	<b>10,0%</b>	<b>30,0%</b>
Innlend hlutabréf	194,2	11,8%	4,0%	0,0%	15,0%
Erlend hlutabréf	291,5	17,8%	16,0%	5,0%	25,0%
<b>Samtals</b>	<b>1.640,9</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>		

## Framtíðarsýn 3

Allar eignir Framtíðarsýnar 3 eru í verðtryggðum innlánum. Hrein nafnávöxtun deildarinnar nam 3,8% árinu 2015 eða sem nemur 1,8% raunávöxtun. Sé litið til lengri tíma er 5 ára meðalraunávöxtun Framtíðarsýnar 3 1,7% og meðalraunávöxtun til 10 ára er 3,1%.

### Ávöxtun Framtíðarsýnar 3



### Fjárfestingarstefna og eignaskipting

Allar eignir Framtíðarsýnar 3 eru í verðtryggðum innlánum.

Verðbréfaflokkur	Eignir (m.kr)	Eignir (%)	Stefna	Heimiluð frávik	
	31.12.2015	31.12.2015		Lágmark	Hámark
Verðtryggð innlán	570,8	100%	100%	100%	100%
<b>Samtals</b>	<b>570,8</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>		


## Framtíðarsýn 4

### Séreignarleið Lífeyrissjóðs Vestfirðinga

Þann 19. september 2014 samþykktu stjórnir Gildis-lífeyrissjóðs og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga að sameina lífeyrissjóðina. Sameiningin öðlaðist gildi 1. janúar 2015 og tók Gildi þann dag við öllum eignum og skuldbindingum Lífeyrissjóðs Vestfirðinga. Lífeyrissjóður Vestfirðinga rak sérstaka séreignarleið fyrir sjóðfélaga sína. Rekstri séreignarleiðarinnar var haldið í óbreyttu horfi á árinu 2015 en hún var síðan sameinuð séreignarleiðinni Framtíðarsýn 1 í lok febrúar 2016.


Hrein nafnávöxtun Framtíðarsýnar 4 nam 10,7% á árinu 2015 en hrein raunávöxtun 8,5%. Til samanburðar hefur hrein raunávöxtun að meðaltali numið 5,9% undanfarin 5 ár.

#### Ávöxtun Framtíðarsýnar 4



Innlend hlutabréf í safni Framtíðarsýnar 4 hækkuðu um 68,1% á árinu. Innland hlutabréf vega í árslok 11,9% af safni Framtíðarsýnar 4. Skuldabréf hækkuðu um 5,7% á árinu 2015 en skuldabréf vega 67,5% af heildareignum deildarinnar í árslok 2015. Ávöxtun erlendra hlutabréfa var neikvæð á árinu og innlán vega ekki þungt í safni deildarinnar.

#### Nafnávöxtun helstu eignaflokka Framtíðarsýnar 4 á árinu 2015



#### Fjárfestingar


Verðbréfa kaup Framtíðarsýnar 4 umfram sölu námu 13,5 m.kr á árinu. Mest var fjárfestingin í ríkistryggðum skuldabréfum á kostnað innlendra hlutabréfa og skuldabréfa útgefnum af bönkum. Sjá má mynd og töflu um helstu fjárfestingar Framtíðarsýnar 4 hér að neðan.



## Fjárfestingar Framtíðarsýnar 4 á árinu 2015 (þús.kr.) – kaup, sala og nettó kaup

Verðbréfaflokkur	Kaup	Sala	Nettó
<b>Skuldabréf</b>	<b>230.366</b>	<b>163.666</b>	<b>66.700</b>
Ríkistryggð skuldabréf	201.817	68.999	132.818
Skuldabréf sveitarfélaga	0	0	0
Skuldabréf fyrirtækja	0	0	0
Skuldabréf banka og fjármálafyrirt.	20.549	52.044	- 31.495
Innlendir skuldabréfasjóðir	8.000	42.623	- 34.623
Erlendir skammtímasj.	0	0	0
<b>Hlutabréf</b>	<b>98.210</b>	<b>151.414</b>	<b>- 53.205</b>
Innlend hlutabréf	80.161	151.414	- 71.253
Erlend hlutabréf	18.049	0	18.049
<b>Samtals</b>	<b>328.575</b>	<b>315.080</b>	<b>13.495</b>

## Fjárfestingar Framtíðarsýnar 4 á árinu 2015 (þús.kr.) – nettó kaup



## Fjárfestingarstefna og heildareignir

Hér að neðan má sjá fjárfestingarstefnu fyrir Framtíðarsýn 4 sem sett var 23. nóvember 2015, og gildi þar til deildin var sameinuð Framtíðarsýn 1 í lok febrúar 2016.

## Fjárfestingarstefna Framtíðarsýnar 4 og eignaskipting

Verðbréfaflokkur	Eignir (m.kr)	Eignir (%)	Stefna 2016	Heimiluð frávik	
	31.12.2015	31.12.2015		Lágmark	Hámark
<b>Skuldabréf og innlán</b>	<b>468,3</b>	<b>70,3%</b>	<b>68,0%</b>	<b>40,0%</b>	<b>90,0%</b>
Innlán	18,4	2,8%	2,0%		
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	370,2	55,6%	44,0%		
Skuldabréf banka og sparisjóða	43,3	6,5%	15,0%		
Veðskuldabréf	0	0,0%	2,0%		
Skuldabréf sveitarfélaga	25,7	3,9%	5,0%		
Skuldabréf fyrirtækja	10,7	1,6%	0,0%		
Erlendir skammtímasjóðir	0	0,0%	0,0%		
<b>Hlutabréf</b>	<b>198,0</b>	<b>29,7%</b>	<b>32,0%</b>	<b>0,0%</b>	<b>50,0%</b>
Innlend hlutabréf	79,4	11,9%	0,0%		
Erlend hlutabréf	118,6	17,8%	0,0%		
<b>Samtals</b>	<b>666,3</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>		



# Stjórnarháttayfirlýsing


## Grundvöllur sjóðsins og hlutverk

Gildi-lífeyrissjóður starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, reglugerða sem settar eru á grundvelli laganna og á grundvelli samþykktta sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett ýmsar reglur sem um starfsemina gilda. Samþykktir sjóðsins auk annarra upplýsinga er varða skipulag hans eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins, [www.gildi.is](http://www.gildi.is).

Yfirlit yfir lög, reglugerðir og aðrar reglur sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða er m.a. að finna á vef Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is).

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við lög og samþykkir sjóðsins.

### Skipulag sjóðsins kemur fram í skipuriti sjóðsins



## Ársfundur og fulltrúaráð

Ársfundur hefur æðsta vald í málefnum sjóðsins nema annað komi fram í samþykktum sjóðsins. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Innan lífeyrissjóðsins starfar fulltrúaráð að jöfnu skipað fulltrúum samtaka launamanna og atvinnurekenda sem að sjóðnum standa. Aðildarsamtök sjóðsins tilnefna fulltrúa sína í fulltrúaráð lífeyrissjóðsins og fara þeir með atkvæði á ársfundi og öðrum fundum sjóðsins í umboði aðildarsamtakanna og í samræmi við ákvæði samþykktta lífeyrissjóðsins. Stéttarfélög sem að sjóðnum standa tilnefna alls 80 fulltrúa til setu í fulltrúaráði. Samtök atvinnulífsins tilnefna allt að 80 fulltrúa til setu í ráðinu.

## Stjórn

Stjórn Gildis er skipuð átta mönnum. Fjórir skulu kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi ásamt jafnmörgum varamönnum, en fjórir eru skipaðir af stjórn Samtaka atvinnulífsins. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra. Gæta skal ákvæða laga um kynjahlutföll við skipan stjórnar. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur, heldur gerðarbók og ritar í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þurfa fimm stjórnarmenn að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn í þeirra stað.

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans.

### Stjórn sinnir meðal annars eftirfarandi verkefnum:

- Ræður framkvæmdastjóra og setur honum starfsreglur.
- Mótar innra eftirlit sjóðsins og skjalfestir eftirlitsferla, ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um að annast innra eftirlit.
- Skipar endurskoðunarnefnd sem hefur eftirlit með reikningshaldi, áhættustýringu og gerð ársreiknings sjóðsins í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga.
- Mótar fjárfestingar- og áhættustefnu sjóðsins, setur reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins.
- Setur verklagsreglur um verðbréfavíðskipti sjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna.
- Setur sjóðnum hluthafastefnu, sem gildir um fjárfestingar í félögum sem hann á verulegan eignarhlut í auk samskipta- og siðareglna.
- Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.

## Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd er skipuð af stjórn samkvæmt framansögðu. Hún er skipuð þremur mönnum og skal a.m.k. einn nefndarmanna vera óháður sjóðnum og starfsfólki hans.

### Meginhlutverk hennar samkvæmt erindisbréfi er að:

- Meta eftirlitsumhverfi lífeyrissjóðsins og fyrirkomulag áhættustýringar og áhættueftirlits.
- Meta virkni innri endurskoðunar, hafa eftirlit með framkvæmd endurskoðunar og gera tillögu um val á ytri endurskoðanda ásamt mati á óhæði endurskoðanda.
- Tryggja fylgni við gildandi lög og reglur.

## Framkvæmdastjóri

### Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins í samræmi við mótaða stefnu og ákvarðanir stjórnar, þar á meðal:

- Ræður starfsmenn sjóðsins.
- Ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur.
- Að þeirri fjárfestingarstefnu, áhættustefnu og þeim útlánareglum sem stjórn setur sé fylgt.

Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar skal framkvæmdastjóri aðeins taka á grundvelli sérstakrar ákvörðunar stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Allar meiriháttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum, skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn og að fengnu samþykki hennar.

Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund skal haft samráð við formann og varaformann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum.

## Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýringar

Eignastýring hefur það hlutverk að stýra fjárhagslegri áhættu sjóðsins með ákvörðunum um kaup og sölu verðbréfa, í samráði við framkvæmdastjóra og stjórn sjóðsins eins og við á hverju sinni.

### Stjórn sjóðsins setur fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn. Í fjárfestingarstefnu er meðal annars:

- Sett markmið um ávöxtun og áhættu heildarsafns, leyfilega eignaflokka, viðmiðunarhlutföll og vikið eignaflókka og viðmið hvað varðar ávöxtun og áhættu eignaflokka.
- Skilgreind helstu viðmið og skorður sem unnið er út frá í fjárhagslegri áhættustýringu sjóðsins og skýrslugjöf.

Áhættustefna bætir við viðmiðum og skorðum þar sem fjárfestingarstefnunni sleppir.


Í skipulagi sjóðsins er sérstakt starfssvið, áhættueftirlit. Áhættueftirlit leggur milliliðalaust fram skýrslu til stjórnar um niðurstöður sínar.

### Áhættueftirlit sinnir meðal annars:

- Eftirliti bæði er varðar fjárhags- og rekstrarlega áhættu.
- Áhættumælingum á eignasafni sjóðsins og skráningu frávíka og eftirfylgni með þeim.

Framkvæmdastjóri og aðrir aðilar er sinna áhættueftirliti og áhættustýringu. Gildis upplýsa stjórn reglulega um árangur og áhættu fjárfestingarstarfseminnar og ákvarðanir er varða áhættueftirlit og áhættustýringu.

- Endurskoðunarnefnd metur skilvirkni og fyrirkomulag áhættustefnu.
- Innri endurskoðandi sannreynir árlega hvort starfsemi sjóðsins sé í samræmi við áhættustefnu.



# Hluthafastefna

*Gildi-lífeyrissjóður hefur innleitt vissar breytingar á undanförunum árum í átt að bættum stjórnarháttum, s.s. með birtingu hluthafastefnu, samskipta- og siðareglum og skipan valnefndar. Í upphafi árs 2014 hóf sjóðurinn að auglýsa eftir einstaklingum sem gefa kost á sér til setu í stjórnnum félaga. Við val á einstaklingum sem Gildi tilnefnir og styður til stjórnarsetu fylgir sjóðurinn faglegu ferli þar sem hæfi, menntun, þekking og reynsla eru könnuð. Einnig er hugað að samsetningu hvernar stjórnar með hliðsjón af fjölbreyttri þekkingu, reynslu og kynjahlutfalli.*

Stjórn Gildis vann að endurskoðun hluthafastefnu sjóðsins síðari hluta árs 2014 og samþykkti nýja stefnu í ársbyrjun 2015. Hluthafastefnan markar stefnu og stjórnarhætti Gildis-lífeyrissjóðs sem eiganda í þeim félögum sem hann fjárfestir í. Stjórn sjóðsins vill stuðla að auknu gegnsæi og ábyrgð sem eigandi og fjárfestir á markaði. Markmið Gildis-lífeyrissjóðs er m.a. að beita sér sem eigandi í félögum þar sem sjóðurinn er hluthafi, í þeim tilgangi að stuðla að langtímahagsmunum og sjálfbærni þeirra og ábyrgum stjórnarháttum.

Innlendur hlutabréfamarkaður hefur verið að stækka og eflast undanfarin ár sem leiðir til nýrra vinnubragða hagsmunaaðila á markaði, bæði hlutafélaga og ekki síður fjárfesta. Sjóðurinn er orðinn stærri hluthafi í félögum en áður og vill því axla ábyrgð til samræmis við það. Dæmi um það er virkari þátttaka sjóðsins á hluthafa- og aðalfundum þeirra félaga sem hluthafastefnan nær til, þar sem sjónarmiðum og áherslum sjóðsins hefur verið komið á framfæri. Hefur sjóðurinn lagt fram ýmsar tillögur á aðalfundum félaga, m.a. með það að leiðarljósi að auka gegnsæi og stuðla að jafnræði hluthafa.

Hluthafastefnan er höfð að leiðarljósi við ákvarðanir sjóðsins um fjárfestingar og segir til um það hvernig Gildi-lífeyrissjóður hyggst beita sér sem fjárfestir og hvernig sjóðurinn mun fylgja fjárfestingum sínum eftir. Í hluthafastefnu sjóðsins eru m.a. sett fram viðmið um upplýsingagjöf hvað varðar starfskjör og starfskjarastefnur. Jafnframt vill Gildi stuðla að auknum og gagnkvæmum samskiptum við stjórnir félaga.

## Helstu áherslur í hluthafastefnu sjóðsins:

- Stjórnarhættir Gildis-lífeyrissjóðs sem hluthafa eru útfærðir með skipulegum hætti ásamt eftirfylgni hans og áherslum.
- Lögð er áhersla á gagnkvæm samskipti við stjórnir og kveðið á um form, fyrirkomulag og efni samskipta með skipulegum hætti.
- Áhersla er lögð á aukna virkni hluthafafunda sem vettvang fyrir hagsmunaaðila til að skiptast á skoðunum ásamt tillögugerð og ákvarðanatöku.
- Sett eru fram tiltekin viðmið sem sjóðurinn telur rétt að hafa til hliðsjónar við mótun starfskjarastefna félaga, greiningu á áhrifum þeirra og viðmið um upplýsingar sem sjóðurinn telur æskilegt að séu tilgreindar í skýrslum um framkvæmd starfskjarastefna.

# Samskipta- og siðareglur fyrir stjórn og starfsmenn

*Samhliða endurskoðun á hluthafastefnu sjóðsins voru samskipta- og siðareglur sjóðsins uppfærðar og samþykktar í byrjun árs 2015, en þær höfðu verið óbreyttar frá árinu 2009.*

## **Reglurnar eru svohljóðandi**

Hlutverk Gildis-lífeyrissjóðs er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og lög og aðrar reglur sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða. Jafnframt gegnir Gildi mikilvægu samfélagslegu hlutverki.

Hlutverk stjórnar sjóðsins er að fara með yfirstjórn hans eins og kveðið er á um í samþykktum, lögum og reglum. Í því felst m.a. reglubundin almenn stefnumörkun, ákvarðanir um helstu mál og virk eftirfylgni með þeim ákvörðunum sem teknar eru. Stjórnin gegnir jafnframt eftirlitshlutverki og tryggir að allar viðeigandi aðgerðir til eftirlits innan sjóðsins séu framkvæmdar í samræmi við lög, reglur og góða starfshætti og verklagsvenjur. Stjórnin fylgir eftir ákvörðunum sínum.

Hlutverk starfsmanna sjóðsins er að annast rekstur hans og þjónustu og samskipti við viðskiptavinum, opinbera aðila og aðra sem láta sig málefni sjóðsins varða. Framkvæmdastjóra og starfsfólki sjóðsins eru ljósar þær kröfur sem til þeirra eru gerðar og sú ábyrgð sem á þeim hvílir bæði formlega samkvæmt samþykktum, lögum og reglum, samningum eða ákvörðunum og eins óformlega vegna væntinga sjóðfélaga, launagreiðenda og samfélagsins alls um ábyrga og árangursríka starfsemi sjóðsins.

Í öllum störfum sínum fyrir sjóðinn leggja stjórn og starfsmenn áherslu á heilbrigða skynsemi og dómgreind. Gengið er fram af hófsemi og fyrirhyggju en jafnframt verða stjórn og starfsmenn að vera trúir sannfæringu sinni og vinna samkvæmt bestu samvisku.

Stjórn og starfsmenn sjóðsins þjóna greiðandi sjóðfélögum, lífeyrisþegum, launagreiðendum og lántakendum af trúmennsku og virðingu fyrir hlutverki sjóðsins. Lögð er áhersla á opið upplýsingaflæði en nauðsynlegan og eðlilegan trúnað og þagnarskyldu og ennfremur virðingu og sanngirni í framkomu, svörum og afgreiðslu mála. Upplýsingar eru ekki misnotaðar.

Samskipti við aðila á fjármagnsmarkaði byggjast á virðingu fyrir samstarfsaðilum og viðleitni til að viðhalda og efla trúverðugleika sjóðsins. Starfsmenn eru vakandi gagnvart hugsanlegum hagsmunaárekstrum og bera virka ábyrgð á því að bregðast við hugsanlegum misfellum eftir því sem við á. Upplýsingar eru ekki misnotaðar og trúnaður við viðskiptaaðila er haldinn vegna allra lögmætra viðskipta.

Stjórn og starfsmenn sjóðsins leitast við í samskiptum sínum við opinbera aðila og eftirlitsstofnanir að skapa traust á sjóðnum á grundvelli þess að lög og reglur eru haldin í heiðri. Virðing er borin fyrir markmiðum og tilgangi laga og í starfsemi sjóðsins er ekki reynt að þræða markalínur þess sem er löglegt. Unnið er með eftirlitsaðilum með eins jákvæðum hætti og kostur



er og frumkvæði tekið í samskiptum við þá ef nokkur vafi leikur á því hvort einstakar ákvarðanir eða aðgerðir séu í samræmi við lög og reglur.

Stjórn og starfsmenn Gildis gæta fyllstu fagmennsku í samskiptum við almenning og fjölmiðla. Jafnan skal svara spurningum í samræmi við bestu vitneskju og án nokkurrar tilraunar til þess að villa um fyrir spyrjanda eða misleiða viðkomandi. Ef spurningu er ekki hægt að svara vegna þess að upplýsingar liggja ekki fyrir eða vegna trúnaðar skal það tekið fram með opnum hætti og skýrt út.

Stjórn og starfsmenn hafa metnað fyrir hönd sjóðsins. Í því felst að bera hag hans fyrir brjósti og leggja sig fram um að ná árangri fyrir hans hönd. Stjórn og starfsmenn eru hvattir til að vera málsvarar sjóðsins þegar tækifæri gefst.

Gjafir eru ekki þegar né samþykkt greiðsla annarra á kostnaði vegna starfsmanna eða stjórnarmanna, ef slíkt gefur tilefni til að draga trúverðugleika sjóðsins í efa eða gefur ástæðu til að ætla að það hafi áhrif á ákvarðanir stjórnar eða starfsmanna. Gjafir mega enga fjárhagslega þýðingu hafa fyrir viðtakanda og allar kostnaðargreiðslur, t.d. vegna funda eða kynninga, verða að vera viðeigandi, hóflegar og í eðlilegu samræmi við tilefni og góða viðskiptavenju.

Við ráðningu skal kynna siða- og samskiptareglur sjóðsins fyrir starfsmönnum. Sama gildir um stjórnarmenn sem taka sæti í stjórn sjóðsins. Brot starfsmanna á reglum þessum geta varðað áminningu eða uppsögn. Reglur þessar eru birtar á heimasíðu sjóðsins.

# Áhættustefna

*Markmið sjóðsins með áhættustýringu er að setja viðmið um áhættutöku, að uppgötva og greina áhættu sem sjóðurinn býr við, hafa eftirlit með henni og bregðast við ef áhættan verður meiri en heimilt er. Skilvirk áhættustjórnun felur í sér greiningu verulegra áhættuþátta, mælingu áhættunnar og sífellt eftirlit með henni.*

Grundvöllur áhættustýringar sjóðsins felst í fjárfestingarstefnu hans hverju sinni. Í lögum um starfsemi lífeyrissjóða eru skilgreindar heimildir sjóðsins til fjárfestinga og hámark fjárfestinga í einstökum eignaflokkum. Fjárfestingarstefnan verður að vera innan þeirra marka sem sett eru í lögnum. Stjórn lífeyrissjóðsins ber ábyrgð á henni gagnvart sjóðfélögum. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu gagnvart stjórn. Hann skilgreinir áhættuviðmið, innan þeirra marka sem stjórn setur, eftir því sem þörf krefur.

Áhættustefna Gildis-lífeyrissjóðs er endurskoðuð reglulega m.a. eftir því sem stjórn og starfsmenn öðlast meiri reynslu við áhættumælingar og -stýringu sjóðsins. Fyrsta áhættustefna fyrir Gildi var samþykkt af stjórn sjóðsins 25. maí 2011 en þá var stefnan formlega aðeins fyrir eignastýringu. Fjármálaeftirlitið gaf síðan út leiðbeinandi tilmæli um áhættustýringu (eftirlitskerfi) samtryggingadeilda lífeyrissjóða undir lok árs 2011. Þau tilmæli hafa síðan verið endurskoðuð og í byrjun árs 2013 þá gaf Fjármálaeftirlitið út ný leiðbeinandi tilmæli um áhættustýringu (eftirlitskerfi) samtryggingadeilda lífeyrissjóða. Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs samþykkti nýja áhættustefnu fyrir sjóðinn 17. maí 2013 sem tekur bæði til fjárhagslegrar áhættu og rekstrar-áhættu sjóðsins. Sú stefna var síðan endurskoðuð á árinu 2015, og stjórn sjóðsins samþykkti nýja stefnu 25. ágúst 2015 með litlum breytingum frá fyrri stefnu.

## Sjóðfélagafundur / Aukaársfundur

Það er stefna stjórnar Gildis að halda árlega auk ársfundar a.m.k. einn opinn sjóðfélagafundur. Sjóðfélagafundur / Aukaársfundur var haldinn hinn 19. nóvember 2015. Á fundinum var samþykkt tillaga um breytingar á samþykktum sjóðsins varðandi framlag til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu þætti í starfsemi sjóðsins og stöðu hans. Benedikt Jóhannesson flutti erindi um nýjar lífslíkur og áhrif þeirra á lífeyrissjóði, en Félag Íslenskra tryggingastærðfræðinga hefur boðað að nýjar tölur um lífslíkur taki gildi á árinu 2016.

# Heimasíða

Gildi-lífeyrissjóður hefur um árabíl haldið úti heimasíðunni [www.gildi.is](http://www.gildi.is) með það að markmiði að auka aðgengi sjóðfélaga að upplýsingum sem þá varða, s.s. yfirlit yfir iðgjalda- og réttindastöðu. Heimasíðan veitir einnig aðgang að fjölmörgum upplýsingum um rekstur sjóðsins, fjárfestingarstefnu, eignasamsetningu og ávöxtun. Eins er þar að finna samskipta- og siðareglur, ársskýrslur, samþykktir sjóðsins og þau lög sem unnið er eftir hjá sjóðnum auk fjölmargra annarra upplýsinga.

Á heimasíðunni eru reiknivélar þar sem hægt er að reikna út greiðslubyrði lána, núverandi og áætlaðan lífeyri og séreignarlífeyri miðað við valdar forsendur. Þar fæst gott yfirlit á niðurstöðum með myndrænum hætti.

Eyðublöð og upplýsingar varðandi lántöku og umsóknir um lífeyri eru einnig aðgengilegar á heimasíðunni.

## Sjóðfélagavefur

Á sjóðfélagavef er að finna upplýsingar um öll iðgjöld sem greidd hafa verið í sjóðinn og aðgang að yfirlitum sem send hafa verið sjóðfélögum og er ætlunin að þau taki við af pappírssendingum í tímans rás. Einnig birtast þar upplýsingar um áunnin réttindi sjóðfélaga við tilgreindan aldur skv. samþykktum sjóðsins og séreign ef einhver er. Lífeyrisgreiðslur sem sjóðfélagi hefur fengið greiddar úr sjóðnum eru aðgengilegar og einnig yfirlit yfir greiðslur til sjóðfélaga. Yfirlit yfir lán sem sjóðfélagi hefur tekið hjá sjóðnum er einnig hægt að skoða á sjóðfélagavefnum.

Sjóðfélagar eru hvattir til að nýta sér þá möguleika sem vefurinn hefur upp á að bjóða og eiga allir að vera búnir að fá veflykil. Ef hann er ekki til staðar er hægt að sækja um hann á vefnum eða senda beiðni á netfangið [gildi@gildi.is](mailto:gildi@gildi.is).

## Lífeyrisgátt

Á heimasíðu Gildis, gegnum sjóðfélagavefinn, er hægt að finna Lífeyrisgáttina, [www.lifeyrisgattin.is](http://www.lifeyrisgattin.is). Lífeyrisgáttin opnar fólki greiðan aðgang að upplýsingum um áunnin lífeyrisréttindi sín í öllum samtryggingarsjóðum sem það hefur greitt iðgjöld í.

## Launagreiðendavefur

Á launagreiðendavef Gildis geta launagreiðendur fylgst með innsendum skilagreinum, skoðað yfirlit og séð stöðu sína eins og hún er á hverjum tíma. Einnig er möguleiki á því að skrá iðgjöld launþega þar beint inn og losna þar með við pappírinn og þá vinnu sem honum fylgir. Hlutfall rafrænna skilagreina hefur vaxið ár frá ári og er nú orðið um 80% á árinu 2015 af innsendum skilagreinum samanborið við 74% á árinu 2014.

# VIRK

## Starfsendurhæfingarsjóður

Örorkubyrði Gildis-lífeyrissjóðs er mikil, meiri en flestra annarra lífeyrissjóða. Það skiptir því sjóðinn miklu máli að draga eins og kostur er úr líkum á að sjóðfélagar verði óvinnufærir til lengri tíma og að stuðla að því þar sem það er mögulegt að þeir sem njóta örorkulífeyris frá sjóðnum komist sem fyrst aftur út á vinnumarkaðinn.

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður var stofnaður af aðilum vinnumarkaðarins á árinu 2009. Með lögum er lífeyrissjóðum gert að greiða framlag til VIRK sem nemur 0,13% af iðgjaldsstofni. Fyrstu iðgjaldagreiðslurnar voru inntar af hendi í nóvember 2012. Gildi hefur lagt mikla áherslu á að byggja upp samstarf við VIRK þar sem áhersla er lögð á að veita öllum sem sækja um örorkulífeyri hjá Gildi þjónustu ráðgjafa og sérfræðinga og eins raunhæfa möguleika til starfsendurhæfingar og frekast er kostur.

*Frá ársbyrjun 2014 hafa Gildi og VIRK starfað saman með það að markmiði að fá betri sýn yfir umsóknir um örorkulífeyri, aðstæður einstaklinga sem sækja um örorkulífeyri og markvissara mat á raunhæfi starfsendurhæfingar hjá þessum einstaklingum.*

Allar nýjar örorkulífeyrisumsóknir sem Gildi berast eru yfirfarnar af sérfræðingateymi hjá VIRK sem metur raunhæfi starfsendurhæfingar fyrir umsækjendur.

Hlutverk VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum.

### **Stefna Starfsendurhæfingarsjóðs er að:**

- Skipuleggja ráðgjöf og þjónustu fyrir starfsmenn sem veikjast til lengri tíma eða slasast þannig að vinnugeta skerðist.
- Stuðla að snemmbæru inngripi með starfsendurhæfingarúrræðum í samstarfi við sjúkrasjóði og atvinnurekendur.
- Fjármagna ráðgjöf og fjölbreytt endurhæfingarúrræði sem miða að aukinni virkni starfsmanna sem búa við skerta vinnugetu til viðbótar því sem þegar er veitt af hinni almennu heilbrigðisþjónustu í landinu.
- Stuðla að fjölbreytni og auknu framboði úrræða í starfsendurhæfingu.
- Byggja upp og stuðla að samstarfi allra þeirra aðila sem koma að starfsendurhæfingu viðkomandi einstaklinga.
- Hafa áhrif á viðhorf og athafnir í samfélaginu til að stuðla að aukinni virkni starfsmanna.
- Styðja við rannsóknir og þróunarvinnu á sviði starfsendurhæfingar.

# Samruni Gildis og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga

Sameining Lífeyrissjóðs Vestfirðinga við Gildi-lífeyrissjóð var 1. janúar 2015 og tók Gildi þann dag við öllum eignum og skuldbindingum Lífeyrissjóðs Vestfirðinga. Sjóðirnir sameinuðust á grundvelli eigna og skuldbindinga eins og þær voru 31. desember 2014.

Samkvæmt samningnum skyldi jafna þann mun sem var á hlutfalli eigna og skuldbindinga m.v. uppgjör 31.12.2014. Elli-, örorku- og makalífeyrisréttindi hjá Lífeyrissjóði Vestfirðinga voru aukin um 3,3% við sameiningu sjóðanna.

Á árinu var unnið að samþættingu á ýmsum þáttum í starfsemi sjóðanna til að auka hagræði. Séreignarleið Lífeyrissjóðs Vestfirðinga sameinaðist Framtíðarsýn 1, einni af séreignarleiðum Gildis, í lok febrúar 2016.

Starfsstöð er á Ísafirði til að treysta samband við sjóðfélaga og iðgjaldagreiðendur.



# Gildi–lífeyrissjóður

## Ársreikningur 2015

### Efnisyfirlit

---

<b>Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra</b>	<b>56</b>
<b>Áritun óháðra endurskoðenda</b>	<b>58</b>
<b>Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris</b>	<b>59</b>
<b>Efnahagsreikningur</b>	<b>60</b>
<b>Sjóðstreymisyfirlit</b>	<b>61</b>
<b>Yfirlit um breytingar á hreinni eign deilda til greiðslu lífeyris</b>	<b>62</b>
<b>Efnahagsreikningur deilda</b>	<b>63</b>
<b>Sjóðstreymisyfirlit deilda</b>	<b>64</b>
<b>Skýringar</b>	<b>65</b>
Reikningsskilaaðferðir	65
Vaxtatekjur og gengismunur	70
Rekstrarkostnaður	71
Fjárfestingar	72
Yfirlit um breytingar á hreinni eign séreignardeildar til greiðslu lífeyris	80
Efnahagsreikningur séreignardeildar	82
Sjóðstreymisyfirlit séreignardeildar	84
Skýringar séreignardeildar	86
<b>Selected financial information</b>	<b>93</b>

## Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Árið 2015 var gott hjá Gildi-lífeyrissjóði, nafn-ávöxtun samtryggingardeildar var 10,1% og hrein raunávöxtun var 7,7% á árinu. Hrein eign sjóðsins jókst um 83,7 milljarða króna frá fyrra ári og skýrir sameining Gildis og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga í upphafi ársins að hluta þessa miklu eignaaukningu. Þá batnaði tryggingafræðileg staða sjóðsins verulega milli ára og var heildarstaða í árslok jákvæð um 1,4%.

Á árinu 2015 voru haldnir 20 stjórnarfundir og endurskoðunarnefnd sjóðsins hélt 10 fundi. Starfsmenn sjóðsins voru 32 í árslok 2015, en 27 í lok árs 2014. Heildarlaunagreiðslur námu 368 millj. kr. Þar af námu laun stjórnar, endurskoðunarnefndar og framkvæmdastjóra 43 millj. kr. á árinu.

Lífeyrissjóður Vestfirðinga var sameinaður Gildi á árinu 2015. Sameining sjóðanna miðaðist við 1. janúar 2015 og frá þeim tíma tók Gildi við öllum eignum og skuldbindingum Lífeyrissjóðs Vestfirðinga. Við sameininguna hækkaði hrein eign sjóðsins um 37.686 millj. kr.

Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, samtryggingardeild og séreignardeild. Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 451.050 millj. kr. í árslok 2015 og hækkaði á árinu um 82.785 millj. kr., þar af eru 37.080 millj. kr. vegna sameiningar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga við sjóðinn. Hrein eign séreignardeildar til greiðslu lífeyris nam 4.012 millj. kr. í árslok 2015 og hækkaði á árinu um 940 millj. kr., þar af eru 607 millj. kr. vegna sameiningar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga við sjóðinn. Hrein raunávöxtun samtryggingardeildar var 7,7% á árinu og hrein raunávöxtun séreignardeildar var þannig: Framtíðarsýn I 7,2%, Framtíðarsýn II 8,4%, Framtíðarsýn III 1,8% og séreignarleið Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 8,5%.

Á árinu 2015 greiddi 5.081 launagreiðandi iðgjöld til sjóðsins, samtals að fjárhæð 17.718 millj. kr. fyrir 46.328 sjóðfélaga. Sjóðfélagar með réttindi í samtryggingardeild voru í árslok 209.268 og fjöldi rétthafa í séreignardeild sjóðsins var 36.557.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu alls 13.262 millj. kr., en voru 11.190 millj. kr. árið 2014. Ellilífeyrir nam 7.994 millj. kr., örorkulífeyrir 4.254 millj. kr., makalífeyrir 846 millj. kr., barnalífeyrir 143 millj. kr. og tímabundnar útgreiðslur séreignarsparnaðar námu 25 millj. kr. Hjá sam-

tryggingardeild var fjöldi ellilífeyrisþega á árinu 16.321, örorkulífeyrisþega 6.155, makalífeyrisþega 2.346 og 1.306 fengu greiddan barnalífeyri. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 20.580.

Örorkulífeyrisgreiðslur eru sem fyrr mjög hátt hlutfall lífeyrisgreiðslna sjóðsins og með því hæsta sem þekkist hjá lífeyrissjóðum. Til þess að jafna stöðu lífeyrissjóða vegna mismunandi örorkubrði hafa lífeyrissjóðir fengið úthlutað framlagi sem greiðist af tryggingagjaldi. Gildi hefur nýtt framlagið til þess að hækka réttindi lífeyrisþega og greiðandi sjóðfélaga. Nú liggur fyrir að örorkuframlagið stendur ekki undir þeirri hækkun sem samþykktir sjóðsins gera ráð fyrir og að óbreyttu mun þurfa að lækka lífeyrisgreiðslur og uppbót á ný iðgjöld. Stjórn sjóðsins telur að skipting örorkuframlagsins á milli lífeyrisjóða sé ekki réttlát og og telur mjög brýnt að hún verði endurskoðuð.

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2015. Samkvæmt henni voru eignir sjóðsins 20.312 millj. kr. hærrí en áunnin réttindi sjóðfélaga. Þegar tekið er tillit til áætlaðra framtíðariðgjalda eru eignir sjóðsins 10.244 millj. kr. hærrí en heildarskuldbindingar í árslok miðað við 3,5% vexti. Heildareignir umfram skuldbindingar í árslok 2015 nema því 1,4% samanborið við 0,9% heildarskuldbindingar umfram eignir í árslok 2014. Miðað er við sömu forsendur og í árslok 2014, þar á meðal lífslíkum sem byggja á reynslu árána 2007 til 2011 á Íslandi. Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga hefur boðað að nýjar lífslíkutöflur verði gefnar út á árinu 2016 og verði þar miðað við spá um lækkanði dánartíðni á komandi árum. Það mun auka verulega skuldbindingar lífeyrissjóða. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um hvernig þessum auknu skuldbindingum verði mætt, en líklegt að það verði gert með því að hækka ellilífeyrisaldur sjóðfélaga og að sú breyting muni gerast á löngum tíma.

Stjórn Gildis hefur áfram unnið að innleiðingu á hluthafastefnu sjóðsins sem samþykkt var í ársbyrjun 2015. Hluthafastefnan markar stefnu og stjórnarhætti Gildis-lífeyrissjóðs sem eiganda í þeim félögum sem hann fjárfestir í. Stjórn sjóðsins vill stuðla að auknu gegnsæi og ábyrgð sem eigandi og fjárfestir á markaði. Markmiðið er meðal annars að beita sér sem eigandi í



félögum þar sem sjóðurinn er hluthafi í þeim tilgangi að stuðla að langtímahagsmunum og sjálfbærni þeirra og ábyrgum stjórnarháttum. Innlendir hlutabréfamarkaður hefur verið að stækka og eflast undanfarin ár sem leiðir til nýrra vinnubragða hagsmunaaðila á markaði, bæði hlutafélaga og ekki síður fjárfesta. Sjóðurinn er orðinn virkari hluthafi í félögum en áður og vill því axla ábyrgð til samræmis við það hlutverk.

Sjóðfélagar Gildis njóta töluverðs sveigjanleika þegar kemur að húsnæðislánum sjóðsins. Hægt er að velja á milli verðtryggðra og óverðtryggðra lána, fastra og breytilegra vaxta. Gildi hóf í mars 2015 að bjóða sjóðfélögum óverðtryggð lán í fyrsta sinn. Með auknum sveigjanleika og hagstæðum vöxtum og lántökugjaldi bjóðast sjóðfélögum Gildis einna hagstæðustu lán sem völ er á. Allir sem greitt hafa til Gildis, í samtryggingu eða séreign, eiga rétt á að sækja um lán hjá sjóðnum. Markmið Gildis með lánunum er að vera bakhjarl sjóðfélaga sinna í þessari mikilvægu fjárfestingu sem kaup á húsnæði er. Einnig eru sjóðfélagalán traustur fjárfestingarkostur sem auka áhættudreifingu í safni sjóðsins. Mikil aukning varð á útlánum sjóðsins til sjóðfélaga á árinu 2015.

Það er stefna sjóðsins og hluti af áhættustýringu hans að eiga vel dreift eignasafn sem ekki byggir eingöngu á íslenska hagkerfinu. Sjóðurinn hefur í samræmi við heimildir í lögum ávaxtað hluta af eignum sínum í erlendum verðbréfum í því skyni að dreifa áhættu sinni. Í árslok 2015 námu fjárfestingar sjóðsins í verðbréfum í erlendum gjaldmiðlum 122.841 millj. kr. og býr sjóðurinn við gengisáhættu sem því nemur. Vegna stöðu fjármálamarkaða hér á landi og fjármagnshatta getur sjóðurinn ekki varist gengisáhættu með gerð afleiðusamninga. Á árinu 2015 veitti Seðlabanki Íslands lífeyrissjóðum sérstaka undanþáguheimild til nýfjárfestinga erlendis. Gildi-lífeyrissjóður fullnýtti 1.191 millj. kr. heimild sjóðsins á árinu 2015.

Fjármálaeftirlitið setti í mars 2015 nýjar reglur nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða, sem gilda áttu fyrir árið 2015. Nýju reglurnar munu leiða til breytinga á framsetningu og mati verðbréfa í ársreikningi sjóðsins og heimila að skuldabréf megi færa á gangvirði. Þá munu kröfur um aðrar upplýsingar í ársreikningnum breytast nokkuð. Sjóðurinn nýtir heimild til að fresta upptöku nýju reglnanna, að því leyti sem heimilt er, og er ársreikningur 2015 því gerður í samræmi við eldri reglur nr. 55/2000. Óverulegar breytingar eru því gerðar á framsetningu yfirlits um breytingar á hreinni eign og efnahagsreiknings

sjóðsins að þessu sinni en upplýsingagjöf í skýringum er aukin til samræmis við breyttar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

**Reykjavík, 16. mars 2016.**

**Í stjórn félagsins:**

Þorsteinn Víglundsson  
Harpa Ólafsdóttir  
Árni Bjarnason  
Elínbjörg Magnúsdóttir  
Hjörtur Gíslason  
Konráð Alfreðsson  
Þorbjörg K. Jónsdóttir  
Þórunn Liv Kvaran

**Framkvæmdastjóri:**

Árni Guðmundsson

## Áritun óháðra endurskoðenda

### Til stjórnar og sjóðfélaga Gildis-lífeyrissjóðs.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Gildis-lífeyrissjóðs fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru í ábyrgð fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig í ábyrgð fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2015, efnahag hans 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

**Kópavogur, 16. mars 2016**

**Deloitte ehf.**

Halldór Arason,  
endurskoðandi

## Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2015

	Skýr	2015	2014*
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga		5.739.514	4.525.384
Iðgjöld launagreiðenda		11.978.360	9.569.704
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(108.356)	(35.146)
		17.609.518	14.059.941
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði		1.179.720	1.107.146
	6	<b>18.789.238</b>	<b>15.167.087</b>
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir	16	13.261.650	11.190.430
Umsjónarnefnd eftirlauna		(4.805)	(5.680)
Iðgjald til starfsendurhæfingarsjóðs		168.445	135.903
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		15.423	15.149
	7	<b>13.440.714</b>	<b>11.335.802</b>
<b>Fjárfestingartekjur</b>			
Tekjur af eignarhlutum	8	24.292.880	7.613.940
Tekjur af húseign	9	322	5.295
Vaxtatekjur og gengismunur	10,17	18.753.122	27.305.277
Fjárfestingargjöld	18	(1.267.923)	(1.089.616)
Varúðarniðurfærsla verðbréfa	14,27	(423.781)	(79.299)
		<b>41.354.620</b>	<b>33.755.596</b>
<b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>			
Fjárfestingarkostnaður		254.727	219.886
Rekstrarkostnaður		473.064	408.359
	11,19	<b>727.791</b>	<b>628.245</b>
Aðrar tekjur	12,22	63.336	55.325
		<b>46.038.690</b>	<b>37.013.961</b>
<b>Hækkun á hreinni eign á árinu</b>			
Hrein eign frá fyrra ári		371.337.656	334.323.695
Hrein eign Lífeyrissjóðs Vestfirðinga við sameiningu	2	37.686.478	0
		<b>455.062.823</b>	<b>371.337.656</b>

\* Framsetningu fjárfestingargjalda er breytt frá fyrra ári. Samanburðarfárhæðum hefur verið breytt til samræmis. Breytingarnar hafa ekki áhrif á hækkun hreinnar eignar á árinu 2014.

# Efnahagsreikningur

## 31. desember 2015

	Skýr	2015	2014
<b>Fjárfestingar</b>			
Húseignir og lóðir	13,23	344.829	284.958
<b>Aðrar fjárfestingar</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum	14,24	218.880.282	165.574.785
Verðbréf með föstum tekjum	14,25	207.559.290	184.274.715
Veðlán	14,26	16.597.897	15.770.948
Bundnar bankainnstæður		570.839	620.813
Fullnustueignir		76.405	123.534
		<b>444.029.542</b>	<b>366.649.753</b>
<b>Kröfur</b>			
Kröfur á launagreiðendur	6	2.232.006	1.330.542
Aðrar kröfur		31.637	176.638
		<b>2.263.642</b>	<b>1.507.180</b>
<b>Aðrar eignir</b>			
Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir	13,23	25.050	18.404
